

SHALDOR  
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Stemning á Ísafirði  
Söngkonan Þórunn Antonía  
Magnúsdóttir var á meðal  
þeirra sem tróðu upp á Aldrei  
fór ég suður um helgina.  
popp 30



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

10. apríl 2012  
83. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt retriðingunum Capacent Gallup álf - september 2011



**Markmiðið hefur náðst**  
Arnar Eggert Thoroddsen  
fagnar tuttugustu  
tónleikunum í Edrúhöllinni.  
tímamót 20


**Fyrsta indverska  
hátíðin**

Indversk kvikmyndagerð  
verður í hávegum höfð í Bíó  
Paradís næstu daga.  
menning 24



**ÓL-draumur að rætast**  
Vignir Svavarsson er einn  
af strákunum okkar sem  
hafa ekki farið áður á ÓL.  
sport 34

**veðrið í dag**



**HVASSAST NV-TIL** í dag má  
búast við 10-15 m/s á Snæfellsnesi  
og Vestfjörðum en annars staðar  
verður heldur hægari vindur. Lítils  
háttar úrkoma N- og A-lands en  
bjart með köflum sunnan til.  
VEÐUR 4



**Fasteignasjón ISS**  
Öll þjónusta við fasteignina  
á einni hendi



Kynntu þér málið



**VOR Í LOFTI** Íbúar höfuðborgarsvæðisins nutu góða veðursins í gær. Margir fóru í gönguferðir og hjólatúra, en aðrir léku sér á sandinum í Nauthólsvík. Vestfirðingar voru ekki jafn heppnir með veður og voru margir veðurtepptir á Ísafirði fram eftir degi í gær vegna hríðarbyls.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Vilja að neytendur fái auglýstan nethraða

Fjarskiptafyrirtækjum verður ekki heimilt að auglýsa tengihraða á netþjónustu allt að ákveðnu hámarki nema að uppfylltum ströngum skilyrðum samkvæmt nýjum reglum sem ESB mun setja í haust. Ætla að skilgreina gæði netþjónustu.

**FJARSKIPTI** Nýjar reglur Evrópusambandsins (ESB) um gæði internetþjónustu, sem til stendur að setja í haust, munu koma í veg fyrir að íslensk fjarskiptafyrirtæki geti auglýst að neytendur fái tengihraða allt að ákveðnu hámarki nema fyrirtækin uppfylli ströng skilyrði um að þjónustan standist þau loforð.

Fjarskiptafyrirtækin auglýsa í dag mismunandi netáskriftir sem flestar eiga það sameiginlegt að hraðinn er sagður ná „allt að“ einhverju ákveðnu hámarki. Það er hins vegar engin trygging fyrir því að hámarkið náist.

Samkvæmt núverandi regluverki er löglegt að auglýsa þjónustuna með þessum hætti, segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS). Hann segir það líklega breytast með nýjum reglum ESB, sem verði sjálfkrafa teknar upp hér á landi.

„Í lok þessa árs eða byrjun þess

„Viða í Evrópu er fyrirtækjunum ekki heimilt að auglýsa „allt að“ nema þau geti uppfyllt strangar kröfur.

**HRAFNKELL V. GÍSLASON**  
FORSTJÓRI PFS

næsta verða settar nýjar reglur sem skýra í hverju gæði internetþjónustu felast, þar með talið varðandi hraðann. Viða í Evrópu er fyrirtækjunum ekki heimilt að auglýsa „allt að“ nema þau geti uppfyllt strangar kröfur,” segir Hrafnkell.

Hrafnkell segir að til standi að auka heimildir eftirlitsstofnana á borð við Póst- og fjarskiptastofnun til að skýra hvernig gæði fjarskiptajónustu eigi að vera. Stofnunin sé að auka eftirlit sitt, en eftir sé að skilgreina nákvæmlega gæði þjónustunnar.

„Að mæla hraða á internetinu er flóknara en að mæla hraða bíls á leið frá A til B,” segir Hrafnkell. Hægt sé að tryggja að tengingin frá heimili að fjarskiptafyrirtæki nái ákveðnum hraða, en um leið og notandinn vafri á netinu sé hraðinn í mörgum tilvikum úr höndum þess fjarskiptafyrirtækis.

„Það er hægt að tryggja að tengingin frá heimili í næsta tengingipunkt uppfylli ákveðin gæði. En það segir bara takmarkað mikið um þá þjónustu sem neytendur upplifa heima hjá sér,” segir Hrafnkell.

„Við höfum eftirlit með villandi auglýsingum. Við erum hlynntari því að ekki sé verið að auglýsa hraða allt að ákveðnu hámarki. Auglýsingar eiga að vera nákvæmar, bæði hvað varðar verð og hraða,” segir Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri á neytendaréttasviði Neytendastofu. -bj

## Lagasmíð Ólafs Arnalds: Fær að hljóma í Hungurleikum

**TÓNLIST** „Það er ekkert leiðinlegt að eiga tónlistina í mynd sem átti þriðju stærstu opnunina í Bandaríkjunum,” segir tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds. Lag hans, Allt varð hljótt, hljómar í kvikmyndinni The Hunger Games, sem hefur farið sigurför um heiminn.

Framleiðendur The Hunger Games höfðu samband við Ólaf á síðustu stundu, því sá sem var ráðinn til að semja tónlistina átti í vandræðum með lag fyrir þetta ákveðna atriði. „Ég hafði verið í sambandi við þau áður því ég var í vandræðum um að semja tónlistina við myndina. Þær gengu ekki upp og þau fengu þennan í staðinn.“

- fb / sjá síðu 38

## Engin áform um afnám hafta: Verðbólga hærrí vegna söfnunar

**EFNAHAGSMÁL** Ýmislegt bendir til þess að innflutningsfyrirtæki beri að einhverju leyti ábyrgð á hárrí verðbólgu hér á landi með því að safna gjaldeyriseign erlendis, skrifar Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, í grein í Fréttablaðinu í dag.



ÁRNI PÁLL  
ÁRNASON

Þetta gera fyrirtækin til dæmis með því að láta veittan afslátt ekki skila sér í innflutningsverði, skrifar Árni Páll.

Hann átelur alla stjórnsmálaflokka fyrir að hafa ekki mótað skýra sýn yfir það hvernig afnema eigi höftin. Enginn hafi í raun trú á því að höftunum verði aflétt í fyrirsjáanlegri framtíð með þeim meðölum sem til séu.

- bj / sjá síðu 16

**Er svefninn vandamál?**

Verðlaunuð náttúruafurð  
úr Bygg- og Hveitigrösom



Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

**STELLA BLÓMKVIST  
ER MÆTT AFTUR!**

www.forlagid.is - alvöru bókaverslun á netinu



NÝR  
ÍSLENSKUR  
KRIMMI



## SPURNING DAGSINS



Viðar er þetta ekki vara-samt athæfi?

„Jú, og þar sem ÁTVR flytur inn sitt hráefni frá Swedish Match má með sannri segja að þetta sé allt sama tóbakið.“

Vidar Jensson tóbaksvarnafulltrúi segir neftóbak ÁTVR mikið notað sem munn-tóbak meðal ungra karla. Ólöglegu munntóbaki hefur um árabíl verið smyglað frá Svíþjóð.

## Sigla til minningar um Titanic: Slæmt sjólag seinkar siglingu

**BRETLAND, AP** Slæmt sjólag varð þess valdandi í gær að seinka varð siglingu skemmtiferðaskipsins MS Balmoral sem fara átti til að minnst þess að 100 ár eru síðan Titanic sökk.

Balmoral sigldi frá Southampton á Suður-Englandi í gær og sigldi í kjölfar Titanic til bæjarins Cobh á Írlandi. Það lét Titanic úr höfn þegar skipið fór í hina örlagaríku siglingu í apríl 1912.

Um borð í Balmoral eru ríflega 1.300 farþegar. Á meðal þeirra eru ættingjar einhverra af þeim ríflega 1.500 farþegum sem fórust þegar Titanic sigldi á ísjaka á Atlantshafinu á leið til Bandaríkjanna.

## Ströng lögjöf í Danmörku: Hælisleitendum fækkar um 25%

**DANMÖRK** Rúmlega 38 þúsund flóttamenn leituðu hælis í Danmörku á síðasta ári og hafði þeim fækkað um nær fjórðung milli ára. Þetta kemur fram í Politiken og er vísað í skýrslu Flóttamanna-stofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Þetta er þvermög við það sem gerist annars staðar í Evrópu, en hælisleitendum fjölgaði um nítján prósent á sama tíma, aðallega í suðurlhuta álfunnar, til dæmis í Grikklandi og Ítalíu.

Talsmaður Flóttamannahjálparinnar í Danmörku telur ekki ósennilegt að ströng lögjöf þar í landi hafi sitt að segja í þessu sambandi.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

## Óku undir áhrifum

Alls voru 24 ökumenn teknir fyrir að aka undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna í höfuðborginni um helgina. Þá voru sex innbrot tilkynnt til lögreglu um helgina.

Norskt skip staðið að ólöglegum veiðum á lokuðu svæði úti fyrir Suðurlandi:

## Skipað að sigla strax til Eyja

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla mun í dag yfirheyrja skipverja norsks skips sem staðnir voru að ólöglegum veiðum í Skeiðárdýpi, nærri 30 sjómílum suður af Ingólfshöfða á Suðurlandi, um klukkan 11 í gærmorgun.

Varðstjórnir í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar höfðu fylgst með ferðum skipsins í vaktkerfi og séð að skipið virtist vera á veiðum á lokuðu svæði.

TF-GNA, þyrila Landhelgisgæslunnar, var á leið í eftirlitsflug og var þyrilunni beint að Skeiðárdýpi. Þar stóðu áhafnarmeðlimir



**VEIÐAR** Þyrila Landhelgisgæslunnar tók eldsneyti í Vestmannaeyjum eftir að hafa staðið skipverja í norsku skipi að ólöglegum veiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

skipverja norska skipsins að ólöglegum veiðum.

Skipverjum var gert að draga línuna og halda þegar í stað til Vestmannaeyja. Skipið var væntanlegt til Eyja um miðnætti í gærkvöldi.

Veiðar með öðrum veiðarfærum en flotvörpu og hringnót eru bannaðar á Skeiðárdýpi samkvæmt reglugerð um verndun kóralsvæða úti af Suður- og Suðvesturlandi.

Brot á reglugerðinni varðar sektum sem geta við fyrsta brot numið allt að fjórum milljónum króna.

Fylgst með afgreiðslu lyfja:

## Nokkrir fengið áminningu

**HEILSA** Nokkrir lækningar hér á landi hafa fengið áminningu síðastliðið ár frá Landlækni vegna óeðlilegrar afgreiðslu á lyfseðils-skyldum lyfjum. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær.

Í fréttinni kom fram að Landlæknir fagnaði umræðu um læknaðóp því það hefði aukið skilning almennings og fagfólks á mikilvægi þess að fylgjast með lyfjanotkun. Einnig kom fram að sérstakir starfsmenn fylgjast nú með ávísunum og óeðlilegri afgreiðslu slíka lyfja.

- sm

# Nýtt ráðuneyti í ár og kvótamál kláruð

Ríkisstjórnin stefnir að því að klára breytingar á stjórnarráðinu í ár með stofnun atvinnuvegaráðuneytis. Fiskveiðistjórnarkerfinu á að breyta fyrir nýtt kvótaár. Öll stóru mál ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu komin fram.

**ALÞINGI** Öll eða velflest stóru málín sem ríkisstjórnin ætlar sér að koma í framkvæmd á kjörtímabilinu eru komin fram á Alþingi. Þetta segir Steingrímur J. Sigfússon sem segir næsta þing munu litast af því að kosningar verði í nánd.

Alþingi kemur saman að nýju á mánudaginn og þess bíða fjölmörg stór mál. Meðal þeirra má nefna stofnun atvinnuvega- og umhverfis- og auðindaráðuneytis, breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða og breytingar á stjórnarskrá, svo eitthvað sé nefnt.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt að ríkisstjórnin hafi lagt fram mikið af stórum málum skömmu fyrir lokafrest framlagningar nýrra mála. Steingrímur segir menn þá horfa framhjá því að fresturinn var settur við 1. apríl til að þingið hefði tíma til að fjalla um málið. Áður hefðu stórmál komið fram rétt fyrir þinglok.

„Þetta er líka til marks um að þetta er starfsöm ríkisstjórn og það hefur verið mikið af stórum málum í vinnslu. Það er ekki skrítið að núna á þriðja starfsári stjórnarinnar komi fram mikið af stórum málum sem hafa verið lengi í undirbúningi.“

Steingrímur segir að forgangsraða þurfi þeim málum sem klárast eiga á þessu þingi. Þar sem enginn septemberstubbur sé lengur samkvæmt þingsköpum verði að endurflytja þau mál í haust sem ekki klárast í vor.

Steingrímur segir stefnt að því að nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi taki gildi fyrir næsta kvótaár, sem hefst 1. september. „Vinnan við það



**ERILSAMUR TÍMI** Steingrímur J. Sigfússon segir erilsaman tíma fram undan í þinginu. Öll stóru málín sem ríkisstjórnin hyggist ná fram á kjörtímabilinu séu nú komin fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mál lifi lengur

Steingrímur telur að breyta eigi þingsköpum þannig að ekki þurfi að endurflytja mál þó þau færist á milli þinga. Það gæfi þinginu betri tíma til að fjalla um þau. „Stærstu mistök sem gerð voru við endurskoðun þingskapa er að þingmálum var ekki leyft að lifa í að minnsta kosti tvö ár, þannig að ekki þurfi að endurflytja alla súpuna að ári sem ekki fær afgreiðslu. Þingið fengi þannig meiri tíma til umfjöllunar. Að sjálfsgöðu þyrftu mál að klárast fyrir lok kjörtímabila.“

er komin á forræði atvinnuveganefndar og ráðuneytið mun aðstoða við hana eins og með þarf. Nú eru menn að skyllast um veiðigjöldin, sem er í sjálfu sér mjög skiljanlegt og gott að rökraða þau mál.“

Ríkisstjórnin hefur gert þó nokkrar breytingar á stjórnarráðinu og síðasta spilið í því þúsli verður sameining ráðuneyta

Steingrímur, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins að hlut við sjávarútvegs- og landbúnaðar og iðnaðarráðuneyti í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Auk þess verður umhverfisráðuneytið styrkt sem umhverfis- og auðindaráðuneyti. Steingrímur vonast til að þessar breytingar nái í gegn á árinu.

kolbeinn@frettabladid.is



**Á PERSAFLÓA** Bandarísk hermálafyrirvöld segja enga beina hernaðarögn valda því að ákveðið var að senda annað flugmóðurskip á Persaflóa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Bandaríkin fjölga herskipum: Tvö flugmóðurskip á Persaflóa

**BANDARÍKIN, AP** Yfirmenn bandaríska flotans staðfestu í gær að þeir hefðu sent bandaríska flugmóðurskipið Enterprise á Persaflóa. Þar var fyrir annað flugmóðurskip, og þykir víst að hernaðaruppbyggingin tengist kjarnorkuáætlun Íran.

Sjaldgæft er að bandarísk hermálafyrirvöld sjái ástæðu til að hafa tvö flugmóðurskip á þessu svæði, og hefur það aðeins gerst þrisvar áður síðasta áratug.

Flugmóðurskipin eiga að styðja við heraflo Bandaríkjanna í Afganistan, verjast sómölskum sjóræningjum, og tryggja að olíuflutningaleiðir haldist opnar.

- bj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

## Kona reykti í flugvél

Lögreglumenn handtóku á föstudag konu sem hafði orðið uppvis að því að reykja um borð í flugvél Ícelandair. Konan víðurkennið brot sitt við skýrslutöku. Henni var sleppt að svo búnu en málið er í höndum lögreglunnar á Suðurnesjum.

## Hraðakstur tíður

Lögreglan á Suðurnesjum hafði afskipti af allmörgum ökuöngnum sem öku of hratt. Flest brotin voru framin á Reykjanesbrautinni. Sá sem hraðast ók var tekinn á 138 kílómetra hraða. Ökumenn eru hvattir til að virða hámarkshraða og sýna aðgát.

Gærdagurinn var einn sá blóðugasti frá því að uppreisnin hófst í Sýrlandi:

## Lítil von talin á vopnahléi í dag

**SÝRLAND, AP** Gærdagurinn var einn sá blóðugasti í langan tíma í Sýrlandi, þrátt fyrir að stefnt hafi verið að því að vopnahlé hæfist þar í dag. Aðgerðasinnar segja að í það minnsta 100 manns hafi látið þar lífið í gær.

Í það minnsta sex manns létu lífið í skotárásum sýrlenskra stjórnarhersins á uppreisnarmenn í flóttamannabúðum innan tyrknesku landamæraanna. Árásirnar vöktu mikla reiði í Tyrklandi, en þetta er í fyrsta sinn sem beinar árásir hafa verið gerðar á tyrkneskar flóttamannabúðir, frá því að Tyrkir hófu að taka á móti flóttamönnum frá Sýrlandi. Þúsundir manna, sem flúðu heimili sín, hafast nú við í flóttamannabúðum í Tyrklandi.

Í gær var líbanskur myndatökumaður sjónvarpsstöðvarinnar Al Jazeera jafnframt skotin á landamærum Sýrlands og Líbanon.

Samkvæmt friðaráætlun Kofi Annan, sérlegs sendifulltrúa Arababandalagsins og Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi, á vopnahlé að hefjast í landinu í dag. Lítlar líkur eru taldar á að það muni ganga eftir.

Áætlað er að Kofi Annan heimsæki flóttamanna-



**SÆRÐUR FLÓTTAMADUR** Sýrlenskur flóttamaður liggur særður á sjúkrahúsi, eftir að hafa orðið fyrir árás sýrlenskra stjórnarhersins á flóttamannabúðir í Tyrklandi í gær.

NORDICPHOTOS/APP

búðir í Hatay-héraði, við landamæri Sýrlands, seinni partinn í dag.

Sameinuðu þjóðirnar telja að um 9.000 manns hafi látist í Sýrlandi frá því að uppreisnin hófst í mars 2011.

- hhs

## Sérfræðingar í stafrænum heyrnartækjum



ÓKEYPIS HEYRNAR-MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?

ÍSLENSKA SJÁISVÖR 98252 00712



Heimilið  
Líf- og heilsa  
Bíllinn  
Fyrirtækið

Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða. Eftir því sem hlutunum fjölga renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í barnaherberginu?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin á [www.vordur.is](http://www.vordur.is) hjálpar þér fyrstu skrefin.**

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

 vörður



## GENGIÐ 04.04.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	127,02	127,62
Sterlingspund	201,58	202,56
Evra	167,21	168,15
Dönsk króna	22,471	22,603
Norsk króna	22,081	22,211
Svænsk króna	18,986	19,098
Japanskt jen	1,5436	1,5526

SDR 195,54 196,70

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

229,8427

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Framboð Þóru Arnórsdóttur: Lágmarksfjöldi undirskrifta náð

**BESSASTADIR** Stuðningsmenn Þóru Arnórsdóttur hafa safnað nauðsynlegum lágmarksfjölda undirskrifta frá meðmælendum í öllum landsfjórðungum. Alls hafa um 2.000 undirskriftir safnast, en frambjóðendur þurfa að lágmarki 1.500 meðmælendur.

Um 300 stuðningsmenn Þóru söfnuðu undirskriftunum fyrir páska. Til stendur að yfirfara undirskriftalista, fá vottun yfirkjörstjórna og skila listunum til innanríkisráðuneytisins í vikunni að því er fram kemur í tilkynningu frá Sigrúnu Þorgeirsdóttur, kosningastjóra Þóru.



ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR

Pakkar hvatningarfólki:

## Elín Hirst ætlar ekki í framboð

**BESSASTADIR** Elín Hirst hefur ákveðið að bjóða sig ekki fram til forseta Íslands.

Elín sendi yfirlýsingu þess efnis til fjölmiðla í gær. Hún segir þar að áhugi sinn til að vinna í þágu bættis samfélags hafi verið hvatinn að því að hún ihugaði framboð. Það sé óbreytt þótt hún hygðist ekki bjóða sig fram að þessu sinni.

Hún þakkar einnig þeim sem hvöttu hana til framboðs.

- Þj

Fyrnist 31. maí 2012.  
Gildir til 30/4 eða  
meðan birgdir endast.



## Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

Herráðið sem hrifsaði til sín völdin á Malí segir að boðað verði til kosninga:

## Forsetinn sagði formlega af sér

**MALÍ, AP** Amadou Toumani Touré sagði formlega af sér sem forseti Afríkúríkisins Malí á páskadag, en honum var steipt af stóli í síðasta mánuði. Herráðið sem hrifsaði til sín völdin samþykkti á dögunum að forseti þingsins í Malí tæki við forsetaembættinu tímabundið þar til nýr forseti hefði verið kjörinn.

Touré sagði við þetta tækifæri að afsögn hans væri ekki vegna þvingunar. „Ég stíf þetta skref í góðri trú. Sérstaklega vegna þess að ég ann landinu mínu.“

Mikið óvissuástand hefur ríkt

í Malí þar sem aðskilnaðarsinnar hafa meðal annars tekið stjórnina í norðurhluta landsins og lýst yfir stofnun nýs ríkis. Það var einmitt vegna meints aðgerðarleysis Tourés forseta í baráttunni við uppreisnarmennina þar sem herrinn hrifsaði til sín völdin.

Staða mála í norðurhlutanum er þó enn flóknari þar sem margir hópar berjast nú um völdin, þar á meðal hópur strangtrúaðra salafista, Ansar Dine, sem hefur þegar skyldað konur á sínu yfirráðasvæði til að ganga með slæðu fyrir andliti sínu á almannaferi.



FORSETINN Amadou Toumani Touré var steipt af stóli í síðasta mánuði.

Forsetaframbjóðandi ferðast:

## Fer um allt til að hitta fólkið

**BESSASTADIR** Hannes Bjarnason forsetaframbjóðandi hyggst ferðast um landið vítt og endilangt á komandi vikum til að kynna framboð sitt og safna meðmælendum. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Hannes, sem er búsettur í Norgegi, segir fulla alvöru að baki framboðinu. „Ég er í þessu því ég tel mig vera gott forsetaefni. Að fólk hafi ekki heyrt í mér er af yfirlögðu ráði, ég ákveðið að halda aftur af mér þangað til ég fer í þessa hringferð.“

## Fljótandi eyjar í sjónmáli

Loftslagshlýnun kallar á nýjar lausnir við hönnun húsa sem geta staðið á flóðasvæðum eða á láglandi sem fer í kaf þegar yfirborð sjávar hækkar. Góð reynsla er nú þegar af flothýsum sem reist voru í Hollandi fyrir nokkru og áform um fljótandi eyjar eru langt á veg komnin á Maldíveyjum, þar sem hættan er brýn.

**TAÍLAND, AP** Víða um heim eru arkitektar og borgarskipuleggjendur að leita nýstárlegra lausna fyrir þau fjölmörgu svæði á jörðinni sem búast má við að fari annað hvort varanlega á kaf þegar yfirborð sjávar hækkar vegna loftslagshlýnunar eða tímabundið þegar flóð steðja að vegna óstöðugs veðurlags.

Hugmyndir af ýmsu tagi hafa verið viðraðar. Þar á meðal hafa menn látið sér detta í hug að byggja fljótandi mosku og jafnvel fljótandi golfvöll á Maldíveyjum í Inndlandshafi, en miklar líkur þykja á því að þær eyjar fari að stórum hluta í kaf.

Einnig hafa verið þróaðar hugmyndir að sjúkrahúsi sem gæti staðið á 400 stólpum þegar flóðavatn verður hvað mest í Taílandi. Þá hafa menn í Hollandi nú þegar nokkurra ára reynslu af húsum sem standa á landi en fara á flot þegar vatn streymir undir þau.

Slík hús voru reist árið 2005 við ána Meuse, sem reglulega flæðir yfir bakka sína. Þetta eru tveggja hæða íbúðarhús, reist á stálgrind sem rennur niður í holan grunn og þegar flæðir að þá fer vatnið niður í grunninn en húsin lyftast upp. Þetta reyndist vel í flóðunum miklu á síðasta ári, þegar þurfti að rýma fjölbýl svæði annars staðar við ána.

Hollandingar hafa verið í fararbroddi í þessum efnum, enda hafa þeir nokkurra alda reynslu af glím- unni við flóðavötn þar sem þriðjungur landsins liggur undir sjávarborði.

Í Hollandi hafa menn síðan þróað hugmyndir um fljótandi fangelsi og fljótandi gróðurhús, auk ýmissa annarra hugmynda sem sumar virðast reyndar frekar eiga heima í vísindaskáldskap en raunveruleikanum. Áhugamenn um þessi efni segja þó nauðsynlegt að leyfa



FLOTHÝSI VIÐ ÁNA MEUSE Í HOLLANDI Þessi íbúðarhús standa á landi en fara á flot þegar vatn flæðir undir þau. Húsin voru reist árið 2005 og stóðust allar væntingar í flóðunum miklu á síðasta ári.

NORDICPHOTOS/APP

Við munum þurfa að búa við umhverfi sem verður æ vatnsmeira.

DANAI THAITAKOO  
ARKITEKT

hugmyndafluginu að vera lítt heft, því smám saman vinstis úr það sem raunhæfast þykir.

„Áherslan á fljótandi lausnir hefur aukist gríðarlega. Hún hefur færst frá furðubýggingum yfir í endingarbetri og sveigjanlegri valkosti.“ segir hollenski arkitektinn Koen Olthuis, og bendir á að bæði stjórnmöld ýmissa ríkja og einkafjármagn séu í vaxandi mæli farin að styðja og styrkja þessa hugmyndavinnu.

„Við munum þurfa að búa við umhverfi sem verður æ vatnsmeira,“ segir Danai Thaitakoo, taílenskur arkitekt frá Bangkok, sem sjálfur hefur unnið að lausnum á þessu sviði. Hann hefur kynnst þessum vanda af eigin raun því í flóðunum í Hollandi síðastliðið haust, sem voru þau verstu í manna minnum, fór íbúðarhús hans á kaf.

„Loftslagsbreytingar munu kalla á mjög róttæka breytingu í hönnunarvenjum,“ segir Danai. „Í staðinn fyrir að reikna með varanlegum, sterkbyggðum og endingargóðum mannvirkjum þá verður þetta allt að vera meira fljótandi með áherslu á breytingar og aðlögun.“

Vandinn er einna brýnastur á Maldíveyjum, þar sem um 330 þúsund manns búa á um það bil 200 eyjum. Landið rís þar að meðaltali

einungis 1,5 metra yfir sjávarborð og hæsta hæðin nær aðeins 2,4 metra yfir sjávarmálið. Sjávarborð þarf ekki að hækka mikið til þess að stór hluti eyjanna fari á kaf.

Waterstudio, fyrirtæki hollenska arkitektsins Olthuis, hefur þar þróað hugmyndir að heilu eyjunum sem geta verið á floti. Vinnsla þeirra hugmynda er komin það langt að strax á næsta ári er áformað að koma fyrstu floteyjunni fyrir. Á þessum floteyjum verður meðal annars hægt að reisa hótél, ráðstefnumiðstöðvar og íbúðarhús.

Þessar eyjar eru festar niður með stálvirum en gerðar úr stórum flot-hlylkjum, eins konar flekum með frauðkjarna sem er umlukkinn steinsteypu, og verður hægt að tengja flekana saman eins og Legókubba.

gudsteinn@frettabladid.is


## VEÐURSPÁ

**Soffía Sveinsdóttir**  
veður-  
fréttamaður

**SVALT N-TIL** Litlar breytingar verða á hitastiginu næstu daga, áfram verður hitinn kringum frostmark norðan til á landinu og eitthvað hlýrra syðst. Í dag dregur smám saman úr vindi og vætu og á morgun eru horfur á austlægum áttum og fremur lítilli úrkomu.

Á MORGUN  
5-10 m/s,  
hvassara NV-til.

FIMMTUDAGUR  
Fremur  
hægur vindur.



## HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	10°
Berlín	16°
Billund	9°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	21°
London	13°
Mallorca	21°
New York	14°
Orlando	29°
Ósló	4°
París	14°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	4°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# Nýr Yaris.

## Hannaður með framtíðina í huga.



### NÝR YARIS ER LEIÐANDI BÍLL.

Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturstölu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Nýr Yaris með Toyota Touch & Go, bakkmyndavél, sjö loftpúðum og eldsneytisnýtingu frá 3.91 á 100 km í blönduðum akstri auðveldar þér vegferðina. Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi.  
Verð frá: 2.670.000 kr.



**Toyota Kópavogi**  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogi  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.





Ert þú spenn(ur) fyrir forseta-kosningunum í sumar?

JÁ	41,2%
NEI	58,8%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Borðaðir þú páskaegg um páskana?

Segðu þína skoðun á visiris



Söfnun UNICEF til handa börnum á Sahel-svæðinu í Mið- og Vestur-Afríku fer vel af stað:

# Íslendingar hafa brugðist vel við neyðarkalli

**SAMFÉLAGSMÁL** „Söfnunin gengur vonum fram. Íslendingar hafa brugðist mjög vel við ákalli okkar og við erum mjög þakklát fyrir það,” segir Sigríður Víðis Jónsdóttir, upp-lysingafulltrúi UNICEF á Íslandi, um við-brögð við neyðarkalli samtakanna. UNICEF hófu söfnun um allan heim 3. apríl síðastlið-inn og verður söfnunarfénu varið til að hjálpa börnum í Vestur- og Mið-Afríku.

Ein milljón ungra barna á Sahel-svæðinu í Vestur- og Mið-Afríku er í bráðri lífshættu og gæti látið lífið næstu vikur ef engin hjálp berst.

Sigríður segir fólk hafa brugðist vel við neyðarkallinu. „Markmiðið er að safna eins miklu og við getum svo hægt verði að með-

höndla börn á Sahel-svæðinu sem eru lífs-hættulega vannærð,” segir Sigríður, en um er að ræða mánaðarlangt átak á heimsvísu.

UNICEF rekur næringarmiðstöðvar víða á svæðinu þar sem börnin eru meðhöndluð og sýna tölur fram á að 95 prósent þeirra barna er hljóta meðhöndlun lífa af. Átta lönd á svæðinu glíma við afleiðingar þurrka og uppskeru-brests og standa íbúar landanna frammi fyrir mikilli neyð.

„Okkur finnst gleðilegt að sjá og finna að fólk skuli skilja að þetta skiptir okkur öll máli og að það sé raunverulega hægt að koma þess-um börnum til aðstoðar,” segir Sigríður.

Hægt er að styrkja söfnunina á heimasíðu samtakanna Unicef.is.



**MÓÐIR MEÐ VANNÆRT BARN** Ein milljón ungra barna er í bráðri lífshættu á Sahel-svæðinu.

- sm

## Hvað er að gerast í þessum samningaviðræðum?



**Stefán Haukur Jóhannesson,** aðalsamningamaður Íslands, ræðir stöðu mála og næstu skref í aðildarsamningum Íslands og ESB á opnum fundi í Evrópustofu, miðvikudaginn 11. apríl kl. 17-18.

Að erindi loknu svarar Stefán Haukur spurningum fundargesta.

Allir velkomnir!



Suðurgötu 10 | 101 Reykjavík | Sími 527 5700 | evropustofa.is



## Hjálpum heima

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpum til sjálfshjálpar.

Einnig er hægt að hringja í söfnunar-símann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn.** Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.



www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400

# Þróa ætti miðstöð doktorsnáms í HÍ

Hlutfallslega mikið fjármagn er veitt til rannsókna og þróunarstarfs hér á landi, samkvæmt nýrri skýrslu. Sautján milljarðar fara í vísindi og nýsköpun á þessu ári. Kerfið sem styður við þetta starf er þó brotakernt og óskilvirkt.

**MENNTUN** Þróa ætti miðstöð doktorsnáms hér á landi þar sem allir háskólar, rannsóknarstofnanir og rannsóknafyrirtæki gætu sameinað krafta sína. Hægt væri að byggja slíka miðstöð á grunni miðstöðvar framhaldsnáms sem nú þegar er fyrir hendi í Háskóla Íslands.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í drögum að skýrslu Vísinda- og tækniráðs, sem kynnt voru í síðustu viku. Í skýrslunni er í fyrsta sinn dregin upp heildstæð mynd af þeim háskólum, stofnunum, sjóðum og þeirri lög-gjöf sem vísinda- og nýsköpunar-kerfið byggir á. Ráðið samþykkti fyrir ári að fela starfshóp að gera tillögur um einföldun á öllu kerfinu. Breytingatillögurnar eiga að efla vísindi og nýsköpun í landinu og verðmætasköpun í samfélaginu.

Ísland stendur að ýmsu leyti á góðum grunni í þessum mála-flokki að mati skýrsluhöfundu. Hlutfallslega mikið fjármagn er veitt til rannsókna og þróunarstarfs og fáar þjóðir hafa náð jafn góðum árangri í birtingu vísindagreina miðað við höfðatölu. „Á sama tíma er kerfið sem styður við vísinda- og nýsköpunarstarf svo og skipulag vísinda og nýsköpunarkerfisins bæði brotakernt og óskilvirkt. Þetta birtist meðal annars í því að heildarárangur er ekki í samræmi við hversu mikið fjármagn er veitt í kerfið.“ Sérstaklega er árangur á sviðum verðmætasköpunar í atvinnulífinu lakur.

Sautján milljarðar króna fara á þessu ári úr opinberum sjóðum í vísindi og nýsköpun. Fjármagn til stofnana, háskóla og sjóða



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** í skýrslunni er lagt til að á grunni miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands verði þróuð miðstöð doktorsnáms. Þar gætu allir háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki sameinað krafta sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við lifum auðvitað óvenjulega tíma og óumflýjanlegan niðurskurð í opinberum útgjöldum, en þessi mikla blóðtaka hefur hvorki leitt til skipulagsbreytinga né nýrrar hugsunar í kerfinu.

**ÚR SKÝRSLU VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS**

hefur rýrnað um fimm milljarða frá 2008. Á sama tíma hefur atvinnulífið veikst mjög. „Við lifum auðvitað óvenjulega tíma

og óumflýjanlegan niðurskurð í opinberum útgjöldum, en þessi mikla blóðtaka hefur hvorki leitt til skipulagsbreytinga né nýrrar hugsunar í kerfinu.“

Hér á landi eru 84 prósent opinbers fjár til vísinda og nýsköpunar bundin í fjárveitingum til stofnana en aðeins 16 prósent eru veitt í samkeppni. „Við teljum brýnt að það verði sýnilegt að skattfé þjóðarinnar renni til þeirra verkefna, háskóla og stofnana sem skila mestum árangri og að jafnræði sé tryggt,“ segir meðal annars í skýrslunni.

thorunn@frettabladid.is

Persónuvernd gerir athugasemdir við meðferð lögreglu á persónuupplýsingum:

## Lögregla getur borið refsíábyrgð

**PERSÓNUPERND** Persónuvernd beinir þeim tilmælum til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að gæta varúðar við meðferð persónuupplýsinga eftir að myndir og nafn fórnarlamb árárs voru birt á í sjónvarpsþætti á fréttavefnum mbl.is. Stofnunin minnir lögreglu á að refsíábyrgð geti legið við brotum á lögum um persónuvernd.

Í þættinum var fjallað um rannsókn tæknideildar lögreglu í tengslum við tilkynningu um líkamsárás og rætt við lögreglumann sem rannsakaði málið. Sýndar voru ljósmyndir af áverkum hins meinta fórnarlamb, þar sem greina mátti andlit hans, auk þess sem greint var frá nafni hans í þættinum.

Tekið var fram í þættinum að talið væri að maðurinn kynni að hafa veitt sér áverkana sjálfur og að



**SJÓNVARP** Lögregla fór óvarlega með persónuupplýsingar í sjónvarpsþætti á mbl.is að mati Persónuverndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

í raun hafi því ekki verið um árás að ræða.

Persónuvernd hafði áður gert bréflugar athugasemdir við lögreglu vegna sambærilegs efnis sem birtist í erindi sama lögreglumanns á Læknadögum árið 2010. Persónu-

vernd aðhafðist þó ekkert í kjölfarið þar sem stjórnendur lögreglunnar sögðu að vinnubrögð yrðu bætt.

Í ákvörðun Persónuverndar segir að loforð um bætt vinnulag hafi ekki gengið eftir, og líta verði málið alvarlegum augum.

- bj

**BYLGJAN 25 ÁRA 989**

**Heimir & Kolla vakna með þér í bitíð**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00





## Crafter – fyrir erfiðustu verkefni

Crafter er nú með 3ja ára ábyrgð með allt að 200.000 km akstri

### Crafter – er rúmbesti sendiferðabíllinn frá Volkswagen

Crafter fer létt með að flytja fyrirhafnarlaust mjög þungan og fyrirferðarmikinn farn. Crafter er sterkbyggður sendiferðabíll og er búinn einstaklega sparneytnum dísilvélum með allri nýjustu tækni frá Volkswagen. Crafter er áreiðanlegur, spaneytinn og þrátt fyrir stærð er hann mjög þægilegur í akstri og umgengi.

Staðalbúnaður er m.a. rennihurðir á báðum hliðum, tvöföld afturhurð, klæddar hliðar og gólf. ESP stöðugleikastýring og spólvörn, fullkominn aksturstölv, aðgerðarstýri, hraðastillir, fjaðrandi bílstjórasæti með hita, rafstýrðir og hitaðir útispeglar o.fl.

Crafter kostar aðeins frá  
**6.990.000 kr.**  
 (5.569.721 kr. án vsk)\*

\*Crafter 35 Millihátt þak- millilangur  
 2.0 TDI 163 hestöfl 6 gíra beinskiptur



Atvinnubílar



Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt





## TÖLVUNÁM SEM STYRKIR STÖÐU ÞÍNA

### ALMENNT TÖLVUNÁM

Afar gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar árangri strax. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist hagnýta þekkingu í tölvuvinnslu sem nýtist jafnt í starfi sem heima og öðlist öryggi og færni í notkun helstu skrifstofuforritanna, Word, Excel og Outlook.

Námskeið hefst: **16. apríl, morgun- og kvöldhópar**  
Lengd: **60 kennslustundir**  
Verð: **54.000 kr.**

### NAVISON FJÁRHAGSBÓKHALD

Þátttakendur hljóta þjálfun í meðferð bókhaldsgagna og vinnu við tölvubókhald í Navision.

Námskeið hefst: **18. apríl, morgun- og kvöldhópar**  
Lengd: **47 kennslustundir**  
Verð: **54.000 kr.**

### TOLLSKÝRSLUGERÐ

Öðlastu færni í gerð tollskýrslna á þessu stutta og hnitmiðaða námskeiði þar sem m.a. er farið yfir reglur er varða innflutning, myndun tollverðs og útreikning aðflutningsgjalda.

Námskeið hefst: **9. maí, morgun- og kvöldhópar**  
Lengd: **21 kennslustund**  
Verð: **28.000 kr.**

ATH. margvíslegir styrkir í boði, m.a. hjá VMST og stéttarfélögum. Hafðu samband og við aðstoðum þig!

STÖK NÁMSKEIÐ	Hefst	Lengd	Verð
Excel grunnur	2. maí	21 std.	29.900.-
Excel frh.	23. apríl	21 std.	29.900.-



#### HVAR SKRÁI ÉG MIG?

Skráningar fara fram á vefnum okkar [www.promennt.is](http://www.promennt.is) og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

**PROMENNT**

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • [promennt@promennt.is](mailto:promennt@promennt.is) • [www.promennt.is](http://www.promennt.is)

[www.promennt.is](http://www.promennt.is)

ESB ákveður hvort kæra eigi Google fyrir samkeppnisbrot eftir páska:

## Þrettán netfyrirtæki kvartað

**BRUSSEL** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun taka ákvörðun um það nú eftir páska hvort netrisinn Google verði kærður fyrir samkeppnisbrot. Þrettán netfyrirtæki hafa kvartað yfir því að Google beiti ráðandi stöðu sinni gegn samkeppnisaðilum samkvæmt frétt BBC.

Google hefur hafnað því að beita markaðshindrunum eða öðrum bolabroðum gegn samkeppnisaðilum sínum. Nýjasta dæmið um kvartanir vegna Google kemur frá vefsíðunni Trip Advisor, sem sérhæfir sig í ferðamálum. Í yfirlýsingu frá



**NETLEIT** Stjórnendur Google hafna því alfarið að fyrirtækið brjóti gegn rétti samkeppnisaðila með því að hagræða leitarniðurstöðum. NORDICPHOTOS/AFP

síðunni er þess óskað að Evrópusambandið gripi til aðgerða til að tryggja virka samkeppni á netinu.

Google hefur verið að færa sig upp á skaftið með því að bjóða upp á þjónustu tengda ferðalögum. Fyrirtæki í samkeppni við Google á því sviði hafa kvartað yfir því að vefsíður Google komi frekar upp við netleit með leitarvél Google en samkeppnisaðilarnir. Rannsókn ESB hefur verið í gangi frá febrúar 2010 en er nú á lokametrunum samkvæmt frétt BBC. Sambærileg rannsókn á starfsháttum fyrirtækisins er í gangi í Bandaríkjunum. -þ

## Æ fleiri drengir með illa farið tannhold

Tannholdssérfræðingur segir varhugavert hversu margir ungir menn noti íslenskt nef-tóbak í vör, þar sem engar rannsóknir hafi verið gerðar á skaðsemi þess. Tannlæknar sjá í auknum mæli illa farið tannhold vegna tóbaksnotkunar.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ungu strákararnir eru margir að nota íslenskt nef-tóbak í vörina. Það er efni sem við vitum ekki neitt um, en til að mynda hefur sænska munntóbakið verið rannsakað í þáula. Áhrif þessa íslenska tóbaks eru hins vegar alveg óskrifad blað,“ segir Gunnlaugur Rósarsson tannholdssérfræðingur. Hann telur það afar varhugaverða þróun að aukning á sölu tóbaks skuli vera mikil á meðal ungra karlanna sem taki nef-tóbak í vörina.

ÁTVR seldi í fyrra 30 tonn af nef- og munntóbaki, fyrir jafnvirði um 600 milljóna króna. Það er þrefalt meira en árið 2002 og rúmlega tvöfalt meira en 2006.

Undir áhyggjur Gunnlaugs tekur Stefán Hallur Jónsson, varaformaður Tannlæknafélags Íslands. Hann segir að of margir notendur munntóbaks telji fullvíst að það sé ekki krabbameinsvaldandi. „Aðalmálið er að við vitum ekki hvað á eftir að gerast í framtíðinni. Það er aldrei hægt að mæla með notkun munntóbaks, þó að enn hafi ekki verið sannað að notkun þess sé krabbameinsvaldandi. Þetta er áhætta sem menn taka og hún er ekki þess virði. Krabbamein eru illviðráðanleg og munnkrabbamein geta valdið slæmum andlitslýtum.“

Stefán Hallur segist í auknum mæli sjá illa farið tannhold hjá unglingsdrengjum upp í karlmenn á fimmtugsaldri. Fáar konur hafi hann hins vegar séð með einkenni um munntóbaksnotkun. Þær fáu sem hann hitti hafi nær alltaf dvalið í Svíþjóð og komið sér upp vananum þar.

Stefán segist reglulega fá til sín sjúklinga með illa farið tannhold af völdum munntóbaks.



**UGGANDI YFIR SLÆMRI ÞRÓUN** Stefán Hallur Jónsson, varaformaður Tannlæknafélags Íslands, segist reglulega sjá slæm tilvik þar sem slímhúð hefur þykknað og tannhold rýrnað hjá ungum mönnum sem nota munntóbak. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Það er aldrei hægt að mæla með notkun munntóbaks, þó að enn hafi ekki verið sannað að notkun þess sé krabbameinsvaldandi.“

**STEFÁN HALLUR JÓNSSON**  
VARFORMAÐUR TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS



„Ég sé slæm tilvik að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Þetta lýsir sér með þykkun á slímhúð undir vör, einmitt þar sem munntóbakið er geymt. Slímhúðin verður litlaus, næstum gráleit og svólítið hrukkótt. Yfirleitt fylgir þessu að tannholdið fer upp með tönnum og í einstaka tilvikum eyðist tannholdið af rötunum. Þegar þetta gerist tapa

tennurnar beinstuðningnum, sem getur valdið ótímabæru tapi á tönnum. Í verstu tilvikunum sem ég hef séð hefur tannholdið hoptað eins og um einn sentimetra og beinið þar undir hefur eyðst. Þegar rötaryfirborðið er bert er rötin mun viðkvæmari fyrir skemmdum, sem erfitt er að laga.“

[holmfridur@frettabladid.is](mailto:holmfridur@frettabladid.is)

Samningaviðræður um kjarnorkuáætlun Írana fara fram undir lok vikunnar:

## Sáttatillögu vænst frá Írönum

**ÍRAN, AP** Sáttatillögu gæti verið að vænta frá stjórnvöldum í Íran vegna deilna um kjarnorkuáætlun landsins, en samningaviðræður um málið verða haldnar í lok vikunnar. Þar ræða fulltrúar Írans við fulltrúa fimm fastaríkja í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna auk Þýskalands.

Deilna snýst um hvort auðgun úrans í Íran sé sannarlega til friðsamlegra nota eins og stjórnvöld halda fram, eða hvort þau stefni að því að þróa og framleiða kjarnorkuvopn, eins og margir óttast. Íranar þvertaka fyrir það, en síðustu vikur og mánuði hafa vesturveldin hert á viðskiptaþvingunum gegn Íran vegna málsins.

Fereidun Abassi, kjarnorku-

málastjóri Írans, kynnti um helgina tillögur þar sem Íranar fallast á að hætta framleiðslu á úrani sem hefur verið auðgað upp að 20 prósentum, sem þeir segja ætlað til læknisfræðirannsókna og meðferðar, en halda þó áfram að auðga úran til raforkuframleiðslu, en það er ekki eins mikið auðgað. Óvíst er þó talið að þetta verði nóg til að friða deiluaðila, því að stjórnvöld í Tehran hyggjast halda eftir birgðum sem þeir hafa þegar auðgað upp að 20 prósentum.

Til að nýta úran í kjarnorkuvopn verður að auðga það upp í 90 prósent og telja margir að það sé stefna Írana og að það muni stefna stöðugleika á svæðinu í hættu.



**SÁTTAFUNDUR BOÐAÐUR** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, sendir fulltrúa til fundarins í lok vikunnar. NORDICPHOTOS/AFP

-þj





© 2012 Ergo. All rights reserved.

## Grænn og vænn apríl hjá Ergo



Ergo vill stuðla að fjölgun á umhverfishæfari bílum á Íslandi og býður því græn bílalán. 15.000 kr. **eldsneytis-  
inneign hjá N1** fylgir öllum grænum lánum í apríl.



Kannaðu kosti grænna bílalána á [ergo.is](http://ergo.is)

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > [www.ergo.is](http://www.ergo.is) > [ergo@ergo.is](mailto:ergo@ergo.is)





## ATRIX BAKPOKARYKSUGAN

ÖFLUG FYRIR SAMEIGNIR OG HÚSFÉLÖG

- Hepa pokar
- 4 þrepa filter
- Létt og þægileg
- Öflug, 1400 wött



Á TILBOÐI Í APRÍL:  
**58.990 kr**

Fullt verð: 68.368 kr



Marpól ehf, Dalbrekku 24, 200 Kópavogur, sími: 544-5588, www.marpol.is

## Keðjuverkun sem jók koltvísýring

Hafi aukið magn koltvísýrings í andrúmsloftinu valdið endalokum ísaldarinnar vaknar spurningin um hvað hafi valdið þeirri aukningu. Í niðurstöðum sínum varpa vísindamennirnir fram þeirri kenningu að smávægilegar breytingar á gangi jarðarinnar um sólina hafi orsakað bráðnun jökla á norðurhveli. Þeir telja að sú bráðnun hafi valdið keðjuverkun í höfunum, og meiri koltvísýringur losnað úr suðurhöfum en áður. Það hafi svo hækkað hitastig á jörðinni, og leitt til endaloka ísaldarinnar.



ÍSKJARNAR Rannsóknir á ískjörnum, setlögum og öðrum gögnum um veðurfar og andrúmsloft fyrir þúsundum ára þykja gefa gleggri mynd en fyrri rannsóknir af endalokum síðustu ísaldar.

NORDICPHOTOS/AFP

## Stál og plast þakrennur

Allir fylgihlutir fáanlegir



Frábært  
verð!



**MURBUDIN**

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík - Reykjanesbæ  
Akureyri - Húsavík  
Vestmannaeyjum

# Aukning koltvísýrings olli endalokum ísaldar

Ný rannsókn grefur undan rökum þeirra sem draga í efa kenningar um gróðurhúsaáhrifin. Talið sannað að aukið magn koltvísýrings í andrúmsloftinu hafi valdið endalokum síðustu ísaldar. Aukningin var svipuð og á síðustu 100 árum.

**VÍSINDI** Ný rannsókn þykir sýna að aukið magn koltvísýrings í andrúmsloftinu hafi valdið endalokum síðustu ísaldar. Aukning koltvísýrings í andrúmsloftinu síðustu hundrað ár er svipuð og aukningin sem batt enda á ísöldina.

Sagt er frá rannsókninni í nýjasta tölublaði vísindaritans Nature. Vísindamenn byggðu á upplýsingum víða að úr heiminum, meðal annars úr ískjörnum sem boraðir hafa verið úr Grænlandsjökli og Suðurskautslandinu.

Niðurstöðurnar gætu kollvarpað eldri kenningum um að aukning koltvísýrings hafi komið í kjölfar hlýnunar í lok ísaldarinnar, en ekki valdið hlýnuninni. Þær niðurstöður byggðu eingöngu á rannsóknum á ískjörnum frá Suðurskautslandinu.

Í lok síðustu ísaldar jókst magn koltvísýrings í andrúmsloftinu úr 180 milljónustu hlutum í 260. Í dag er hlutfallið komið í 392 hluta af milljón.

„Á síðustu 100 árum hefur hlutfallið hækkað um um það bil 100 hluta af milljón, sem er sambærilegt við aukninguna fyrir lok ísaldarinnar,“ segir Jeremy Shakun, sem fór fyrir hópi vísindamanna sem vann að rannsókninni, í samtali við fréttavef BBC.

„Í þessu samhengi má sjá að þetta er ekki lítil aukning. Og þessi verulega hækking á hlutfalli koltvísýrings í andrúmsloftinu við lok ísaldarinnar hafði gríðarleg áhrif á jörðina,“ segir Shakun.

Vísindamennirnir rannsökuðu tímabilið frá um það bil 20 þúsund árum þar til fyrir um það bil 10

þúsund árum. Við upphaf þess tímabils var stór hluti norðurhvels jarðar grafinn undir ís.

Shakun segir mikilvægustu niðurstöðuna þá að aukning á koltvísýringi í andrúmsloftinu hafi komið á undan hlýnun andrúmsloftsins, en ekki fylgt í kjölfarið eins og áður hafi verið talið, samkvæmt frétt BBC.

Þeir sem draga í efa kenningar um gróðurhúsaáhrifin hafa gjarnan vitnað til eldri rannsókna, sem bentu til þess að koltvísýringurinn hefði aukist í kjölfar hækkingar hitastigs. Þær niðurstöður hafa verið notaðar sem rök fyrir því að þeir sem aðhyllast kenningar um gróðurhúsaáhrifin ofmeti áhrif af hækkingu hlutfalls koltvísýrings í andrúmsloftinu.

brjann@frettabladid.is



## Farvegur framþróunar

Með bættri hönnun á loftflæði ytra byrðis og tæknibúnaði sem tryggir hagkvæmstu aksturstillhögun er mögulegt að minnka umtalsvert eyðslu eldsneytis. Þannig er Audi A4 enn sparneytnari en áður og eyðir aðeins frá 4,5 lítrum á hverja 100 km.\* Nýr A4 er því afrakstur stöðugar tækniþróunar hjá Audi.

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Audi A4 fylgir sóllúga öllum bílum sem pantaðir eru fyrir 1. júní 2012.

Vorsprung durch Technik Audi



\*M.v. 2.0TDI 143 hestafla, dísilvél, beinskíptan.

Velkomin í reynsluakstur



Annar hornsteinn fréttabáttarins 60 mínútur látinn:

# Mike Wallace látinn

**BANDARÍKIN, AP** Mike Wallace, einn af lykilmönnum sem byggðu upp bandaríska fréttaskýringarþáttinn 60 mínútur, lést á laugardag, 93 ára að aldri. Aðeins tæpir fimm mánuðir eru síðan Andy Rooney, annar af hornsteinum þáttarins til áratuga, féll frá.

Wallace var frægur fyrir að gefa ekkert eftir í viðtölum sínum, og sagt er að þeir sem eitthvað höfðu að fela hafi óttast fátt meira en að heyra setninguna „Mike Wallace er kominn til að tala við þig.“

Wallace var frægur fyrir að undirbúa sig gríðarlega vel fyrir



MIKE WALLACE

viðtöl sín, sem stundum líktust meira yfirheyrslum en fréttaviðtölum, enda tókst honum oft að reka viðmælendur sína á gat og ná út úr þeim sannleikanum.

Félagar Wallace í 60 mínútum ætla að gera sérstakan þátt honum til heiðurs, og stendur til að sjónvarpa þættinum á CBS-sjónvarpsstöðinni næstkomandi sunnudag. -bj



Á SKOTPALLI Hermaður stendur við Unha-3 eldflaugina sem hefur verið sett saman á skotpalli. NORDICPHOTOS/AFP

Eldflaug Norður-Kóreu undirbúin undir geimskot:

# Leiða hjá sér gagnrýni erlendra ríkja

**NORÐUR-KÓREA, AP** Eldflaug, sem stjórnvöld í Norður-Kóreu segja að verði skotið á loft bráðlega, hefur nú verið sett saman á skotpalli í norðurhluta landsins. Ekkert bendir til þess að stjórnvöld muni láta undan alþjóðlegum þrýstingi og hætta við að skjóta eldfluginni á loft.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu fullyrða að eldflugan hafi það eina hlutverk að koma gervitungli á braut um jörðu.

Þeim fullyrðingum hefur verið mætt með mikilli tortryggni hjá nágrannaríkjunum, sem telja Norður-Kóreu vilja sýna fram á að stjórnvöld búi yfir nægilega öflugum eldflugum til að gera kjarnorkuárás á nágrannaríkin.

Japanski herinn hefur verið settur í viðbragðsstöðu vegna fyrirhugaðs eldflugaskots

Norður-Kóreu og hefur loftvarna-reldflaugum verið komið fyrir í Tókíó og öðrum stórborgum. Japönsk stjórnvöld hafa hótad því að skjóta eldflugina niður taki hún stefnuna á japanskt yfirráðasvæði.

„Ríki okkar hefur bæði rétt og skyldur til að þróa gervitungl og skjóta á loft,“ sagði Jang Myong Jin, sem stýrir herstöðinni þar sem verið er að undirbúa eldflugina. „Sama hvað aðrir segja erum við að gera þetta í friðsamlegum tilgangi.“

Stjórnvöld í Norður-Kóreu buðu hópi vestrænna blaðamanna að fylgjast með því þegar lokahönd verður lögð á eldflugina. Stjórnvöld stefna á að skjóta henni á loft um miðjan apríl til að fagna því að þá verða liðin 100 ár frá fæðingu Kim Il Sung, stofnanda Norður-Kóreu. -bj

# Aukin tækifæri með hækkandi sól

## Fjölbreytt námskeið í boði

### Hönnun og handverk

#### Smíðað úr innlendum við

Kynning á innlendum við, sýnikennsla og verkleg þjálfun. **Hefst 24. apríl**

### Málmur og tré

#### Málmsuða

Farið í rafsuðu svo sem pinnasuðu og Mag-suðu ásamt logsuðu og silfurkveikingu. **Hefst 7. maí**

#### Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf í húsasmíði

**Hefst 23. apríl**

### Raftækni

#### Rafeindatækni fyrir alla áhugasama - fjarnám

Námskeiðið hentar smíðakennurum grunnskóla og öllum áhugasömum um rafmagns- og rafeindatækni. **Hefst 14. apríl**

#### Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf í rafvirkjun

**Hefst 14. maí**

### Skipstjórn – vélstjórn

#### ARPA ratsjárnámskeið

Grunnnámskeið. **Hefst 14. maí**  
Endurnýjun. **Hefst 16. maí**

#### ECDIS rafrænt sjó korta- og upplýsingakerfi

**Hefst 7. maí**

#### Hásetafræðsla

Hásetafræðsla – aðstoðarmaður í brú. **Hefst 25. apríl**

#### Smáskipanámskeið


Áður 30rl réttindanam (pungapróf). Réttindin miðast við skip 12 m og styttri að skráningar-lengd. Kennst í fjarnámi. **Hefst 11. júní**

#### Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf

Kennst eru bóklegr atriði til skemmtibátaprófs í siglingafræði, siglingareglum og stöðugleika. Kennst í fjarnámi. **Hefst 11. júní**

#### Vélgæslunámskeið – smáskipavélavörður

Námskeiðið veitir réttindi til að vera vélavörður á skipi með 750 kW vél og minni og 12 m og styttra að skráningarlengd. **Hefst 11. maí**



### Tölvur og upplýsingatækni

#### Hard surface modeling

Módelsmíði í þrívídd fyrir tölvuleiki og stuttmyndir. **Hefst 14. maí**

#### Hljóðsetning fyrir vídeó

Farið í hljóðsetningu fyrir vídeó, helstu aðferðir við upptökur og eftirvinnslu á hljóði. **Haldið laugardaginn 21. apríl**

#### HTML5 og CSS3

Farið í grunnatriði HTML5 og CSS3. **Hefst 30. apríl**

#### iPhone/iPad námskeið

Farið í gegnum helstu stillingar, vinsælustu aðgerðirnar og kennt að hlaða inn áhugaverðum forritum sem nýtast í vinnu og í daglegu lífi. **Hefst 7. maí**

#### jQuery grunnnámskeið

Með jQuery nærðu flóttari gagnvirkni fyrir vefinn, iPadinn og smartsímann á tiltölulega auðveldan hátt. **Helgarnámskeið 28. og 29. apríl**

#### Maya/Softbody modeling

Grunnnámskeið í þrívíddarforritinu Maya. **Hefst 16. apríl**

#### Mudbox

Farið yfir grunnatriði í Mudbox áferðarforritinu. Lögð er áhersla á að þátttakendur nýti forritið í vinnslu með öðrum þrívíddarforritum eins og 3ds Max, Maya og Blender. **Hefst 1. maí**

#### Netkerfisstjórnun

Undirbúningsnámskeið fyrir CCNA gráðu, alls 4 námskeið. CCNA Discovery 1. **Hefst 25. maí**  
CCNA Discovery 2. **Hefst 4. júní**  
CCNA Discovery 3. **Hefst 1. september**  
CCNA Discovery 4. **Hefst 29. september**

#### Revit Architecture

Grunnnámskeið. **Hefst 11. apríl**  
Framhaldsnámskeið. **Hefst 2. maí**

#### Þrívíddarhönnun

Skemmtilegt námskeið fyrir þá sem vilja læra þrívíddarvinnslu fyrir teiknimyndir, tölvuleiki og tæknibrellur. **Hefst 17. apríl**

### Umhverfi og útivist

#### GPS staðsetningartæki

Fyrir byrjendur og þá sem vilja upprifjun í notkun á staðsetningartækjum. Námskeiðið er tvö kvöld innandyrna og ein útiæfing. **Hefst 23. apríl**

#### Grjóthleðslunámskeið

Fyrir þá sem hafa áhuga á grjóthleðslum með fornri aðferð. Þátttakendur fá leiðsögn um undirstöðuatriði við grjóthleðslur og verklega þjálfun. **Helgarnámskeið 2. og 3. júní**

#### Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Fjallað um jarðfræði, landslag og sögu innan þjóðgarðsins og í næsta nágrenni hans. **Haldið laugardaginn 5. maí**

Nánari upplýsingar um skráningu og fleiri námskeið eru á [www.tskoli.is/namskeid](http://www.tskoli.is/namskeid), á [endurmenntun@tskoli.is](mailto:endurmenntun@tskoli.is), á [facebook.com/endurmenntunarskolinn](https://www.facebook.com/endurmenntunarskolinn) og í síma 514 9602





**FRÉTTASKÝRING: Samningskaflarnir 33 í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið**

# Margslungið ferli í aðildarviðræðunum

Á ríkjaráðstefnu Íslands og Evrópusambandsins (ESB) síðastliðinn föstudag voru fjórir samningskaflar í aðildarviðræðunum opnaðir og tveimur þeirra lokað umsvifalaust. Þannig hafa fimmtán kaflar verið opnaðir og tíu þegar verið lokað. Hvert er hins vegar ferlið á bak við opnun og lokun kaflanna og hvað ræður því hvenær og í hvaða röð þeir eru opnaðir?

Samningskaflarnir svokölluðu eru 35 talsins en aðallega er þó talað um þá 33 sem lúta að afmörkuðum málaflokkum í löggjöf ESB. Um þriðjungur kaflanna heyrir að öllu leyti undir EES-samningnum, um þriðjungur er að nokkru leyti innan EES, en síðasti þriðjungurinn er alfarið utan EES.

Staða málaflokkanna með tilliti til EES skiptir hins vegar ekki höfuðmáli hvað varðar „opnun“ kaflanna, það er hvenær samningsviðræður hefjast fyrir alvöru í þeim. Til dæmis eru viðræður ekki enn hafnar í sumum kaflanna sem lúta að EES-samningnum á meðan sumum málaflokkum sem standa algerlega utan EES, til dæmis um utanríkis-, öryggis- og varnarmál, yfir lokað samdægurs, þar eð staða Íslands skaraðist ekki við lög ESB.

## Fastskorðað ferli til að spara tíma

Upphaf viðræðna um hvern kafla markast af því hvenær framkvæmdastjórn ESB lýkur skoðun eða rýnivinnu á því hvernig íslenska löggjöfin samræmist ESB. Til að viðræðurnar verði sem markvissastar er til fastmótað ferli sem dregur fram helstu núningfleti milli samningsaðila. Þannig er reynt að að tryggja sem best að sem minnstur tími fari til spillis í viðræðunum.

Rýnivinnan svokallaða dregur fram, eftir atvikum, hvort og þá hverslags breytinga sé þörf í hverjum kafla fyrir sig, en skýrsla um hvern einasta kafla þarf einróma

samþykki hinna 27 aðildarríkja ESB áður en hún er kynnt íslenskum stjórnvöldum. Það er jafnan tímafreakasti hlutinn í viðræðunum.

Þá er Íslandi boðið að leggja fram samningsafstöðu í þeim kafla. Sú vinna er unnin á grundvelli meirihlutaáhlits utanríkismálanefndar Alþingis frá árinu 2009. Samningsafstaðan í hverjum kafla er unnin í samráði við utanríkismálanefnd og háð samþykki ríkisstjórnar.

Þegar samningsafstaða Íslands liggur fyrir er hún send út til Brussel og afstaða ESB er unnin út frá henni og fyrirnefndri rýniskýrslu.

Þá fyrst er hægt að „opna“ kaflann, en með því hefjast hinar eiginlegu samningaviðræður.

Ef ESB sér ekki annmarka á stöðu Íslands gagnvart löggjöf sambandsins í einstökum kafla er honum „lokað“ strax og bráðabirgðasamkomulagi hefur þá verið náð. Dæmi um slíkt eru kaflarnir tveir sem voru opnaðir á síðustu ríkjaráðstefnu og svo lokað samdægurs.

Aðrir kaflar þurfa meiri yfirlegu áður en samkomulag næst. ESB gerir þá athugasemdir sem Ísland þarf annaðhvort að ganga að eða færa betri rök fyrir sinni afstöðu allt eftir því hvernig samningaumleitunir ganga.

Þá taka við óslitnar samningaviðræður þar sem reynt er að ná lendingu, en það tekur mislangan tíma að ljúka viðræðum um kaflana. Til dæmis er viðræðum um tvo kafla af þeim fjórum, sem opnaðir voru á fyrstu ríkjaráðstefnunni í júní á síðasta ári, enn ólokið (köflunum um opinber innkaup og um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla).

## Veigameiri kaflarnir ekki opnaðir í sumar

Eins og staðan er núna, níu mánuðum eftir að efnislegar samningaviðræður hófust, hafa viðræður hafist í fimmtán köflum og samkomulag hefur náðst í tíu þeirra, eins og áður sagði.

ESB hefur skilað rýniskýrslum um alla samningskafla nema sjávarútveg, staðfesturétt og þjónustufrelsi og loks frjálsa fjár-



**UTANRÍKISRÁÐHERRA OG STÆKKUNARSTJÓRINN** Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, heilsar Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðgjafi Íslands. Samningaviðræður er langvinnt og margslungið þar sem málaflokkum er skipt niður í 33 samningskafla. Nú hefur náðst sameiginleg niðurstaða milli Íslands og ESB í tíu köflum og viðræður eru hafnar í fimm til viðbótar. MYND/RÁÐHERRARÁÐ EVRÓPU

magnsflutninga. Endurmótun sjávarútvegsstefnu ESB hefur tafið ferlið nokkuð, en síðarnefndu kaflarnir tveir tengjast raunar líka sjávarútvegi meðal annars vegna takmarkana á fjárfestingu útlendinga í íslenskum sjávarútvegi.

Nú þegar liggur fyrir frá hendi Íslands samningsafstaða í fimm málaflokkum sem ekki hafa verið teknir fyrir enn: frjálsum vöruflutningum, flutningastarfsemi, félags- og vinnumálum og fjárhagslegu eftirliti.

Næsta ríkjaráðstefna Íslands og ESB verður í júní og þar verður að teljast líklegt að fyrirnefndir fimm kaflar verði teknir til umræðu.

Ekki er talið líklegt að einhver hinna veigameiri málaflokka verði tekinn fyrir í júní, en þar má nefna sjávarútveg, landbún-

ad, umhverfismál og byggðamál.

Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, lét þau orð falla í samtali við íslenska fréttamenn í síðustu viku að hann vonaðist til þess að viðræður um alla kafla yrðu hafnar fyrir árslok, en ef það er stefnan má ætla að undirbúningur þeirra vegna verði hafinn hér á landi eða muni hefjast áður en langt er um liðið, svo að samningsaðstöður liggja ljósar fyrir í tæka tíð.

## Þarf að samþykkja í öllum ESB-rikkjum

Þegar viðræður hafa hafist um alla málaflokka er þó eftir að ná niðurstöðu sem Ísland og ESB geta sætt sig við og það verður vísað til ekki auðsött enda talsvert sem ber á milli í mörgum flokkum.

Ef það hefst svo að lokum, liggur fyrir aðildarsamningur í formi niðurstaðna í hverjum kafla. Hann verður lagður fyrir ráðherraráð ESB, þar sem fulltrúar allra aðildarríkja eiga sæti, og Evrópuþingið þarf einnig að samþykkja hann. Þá verður hann lagður fyrir Íslendinga í þjóðar- atkvæðagreiðslu, væntanlega um sex mánuðum eftir að samningurinn liggur fyrir. Ef hann verður samþykktur verður samningurinn loks lagður fyrir aðildarríki ESB sem öll þurfa að samþykkja hann til þess að hann taki gildi.

**Porgils Jónsson**  
thorgils@frettabladid.is



# UPPFÆRUM ÍSLAND

**AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2012**  
**MIÐVIKUDAGINN 18. APRÍL Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA.**

Fundarstjóri er Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.

## OPIN DAGSKRÁ KL. 14-16

- Ávarp: **Vilmundur Jósefsson**, formaður Samtaka atvinnulífsins
- Ávarp: **Christoffer Taxell**, forystumaður í finnsku atvinnulífi og fyrirverandi menntamálaráðgjafi Finnlands

## UPPFÆRUM STRAX

- **Sjöfn Sigurgísladóttir**, einn stofnenda Íslenskrar Matorku
- **Edda Lilja Sveinsdóttir**, sviðsstjóri verkfræðisviðs Activis
- **Marín Magnúsdóttir**, eigandi Practical
- **Kjartan Ragnarsson**, forstöðumaður Landnámsseturs Íslands

## Netagerð og spjall

- **Vetur kvaddur og sumri fagnað. Digital Blur leikur uppfærða nútímatónlist.**

SKRÁNING Á [WWW.SA.IS](http://WWW.SA.IS)



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



## Harmleikur í Suður-Svíþjóð: Sex manns létu lífið í eldsvoða

**SVÍÞJÓÐ** Sex létust þegar sumarhús í Suður-Svíþjóð brann til kaldra kola á aðfaranótt páska-dags. Allir sem létust voru Danir, hjón með tvær dætur sem áttu húsið, og vinafólk þeirra.

Ekki er ljóst hvað olli brunanum, en hvorki rafmagn né rennandi vatn var í húsinu. Bruninn uppgötvaðist ekki fyrr en á páskadagsmorgun þegar nágrannar sáu hvað hafði gerst og gerðu lögreglu viðvart.

Rannsókn lögreglu stendur yfir.

- þj

Tugir Tíbeta hafa kveikt í sjálfum sér undanfarið ár til að mótmæla yfirráðum Kínverja:

## Örþrifaráð sem hafa vakið lítil viðbrögð

**TÍBET, AP** Alls hafa 32 Tíbetar kveikt í sjálfum sér undanfarið ár til þess að mótmæla yfirráðum Kína. Þetta er ein stærsta bylgja sjálfsvíga af þessu tagi áratugum saman.

Kínversk stjórnvöld hafa samt látið sér fátt um finnst og þrýstingur á þau frá almenningi eða stjórnmálum í öðrum ríkjum hefur ekki tekið minnstu kipp.

Almenningur í Kína hefur heldur ekki mikla samúð með sjálfstæðisbaráttu Tíbeta og fréttir af þessu hafa ekki verið áberandi í kínversku fjölmiðlum.

Flestir hafa sjálfsvígsmótmæl-

endurnir verið ungir Búddamunkar. Þeir hafa kveikt í sér á markaðstorgum, aðalgötum og herbúðum eða á öðrum stöðum, sem tengjast kínverskum valdastofnunum. Sumir þeirra höfðu drukkið steinolú áður en þeir kveiktu í sér til að framkalla sprengingu innan úr líkamanum.

Flestar íkveikjurnar hafa verið í vestanverðu Kína, og þar af flestar í einu strjálbýlu héraði skammt frá landamærum Tíbeta. Nú síðast kveiktu tveir rúmlega tvítugir búddamunkar í sjálfum sér á föstudaginn var.



**KVEIKTI Í SÉR Á INDLANDI** Tíbetski útlaginn Jemphel Yeshe kveikti í sjálfum sér í Nýju-Delhí í síðasta mánuði til að mótmæla heimsókn Hu Jintao, forseta Kína, til Indlands.

NORDICPHOTOS/AFP

Í augum búddista er sjálfsvígur óeigingjörn og áhrifarík fórnarathöfn, oftast gerð til að vekja samúð með málstað trúarinnar þegar hún á í vök að verjast. Áhrifin geta enst lengi og jafnvel styrkst með tímanum.

Á seinni tímum hafa búddistar gripið til mótmæla af þessu tagi gegn Vietnamstríðinu og til að berjast fyrir lýðræði í Suður-Kóreu. Þá kveiktu hundrað námsmenn samtímis í sjálfum sér á Indlandi árið 1990 til að mótmæla erfðastéttakerfinu þar í landi.

- gb

Falsa stæði fyrir fatlaðra:

## Í fangelsi fyrir bílastæðabrot

**DANMÖRK** Bílastæðayfirvöld í Kaupmannahöfn og samtök fatlaðra hafa tekið höndum saman til að koma í veg fyrir misnotkun á bílastæðum fyrir fatlaða. Þetta kemur fram hjá danska ríkisútvarpinu. Mögulegt er að þeir sem leggja ólöglega í slík stæði verði dæmdir í fangelsi.

Borið hefur á því að ökumenn noti fölsuð, stolin eða útrunnin merki í bíla sína til þess að fá að leggja í stæði merkt fötluðum.

Fjórtán slík tilvik hafa komið upp það sem af er ári, en talið er að það sé mjög lítil hluti heildarinnar. Ný tækni gerir stöðumælavörðum kleift að athuga strax hvort merki í bílunum séu lögleg.

- þeb



STÆÐI FYRIR FATLAÐA



**ÖRTRÖÐ Á HEATHROW** Fjölmargir Bretar nota frídagana til að ferðast.

Vinumarkaður í Bretlandi:

## Frídagarnir milljarða virði

**BRETLAND** Þjóðarframleiðsla í Bretlandi myndi aukast um nítján milljarða punda á ári ef lögbundnir frí dagar yrðu afnumdir. Það jafngildir um 3.800 milljörðum íslenskra króna.

Þetta kemur fram í úttekt hugveitunnar Centre for Economics and Business Research, en frí dagar í Bretlandi verða nú í ár, einum fleiri en venjulega vegna krýningarafmælis drottningar í júní.

Í úttektinni er þó ekki gengið svo langt að mæla með afnámi frídaga, enda eru slíkir dagar fleiri í nágrannalöndunum. Ráðlegt þykir hins vegar að dreifa þeim betur því fimm frídaganna eru frá apríl fram í júní.

- þj

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Þrír fluttir á sjúkrahús

Tveir voru fluttir á sjúkrahús eftir bilveltu á Biskupstungnabraut, skammt frá Kerinu í Grímsnesi, í fyrrinótt. Þrír voru í bílnum þegar óhappið varð. Þá valt jeppi með fimm ungmennum innanborðs á vegnum um Fagradal í Vopnafirði. Slysið varð snemma í gærmorgun.



# FRÁSOGAST

# HRAÐAR

en venjulegar Panodil töflur



**500 mg PARACETAMOL**  
Smertestillende ✓  
Febernedsættende ✓

20 filmovertrukne tabletter

## ÁHRIFARÍKT GEGN VERKJUM OG HITA

Panodil Zapp frásogast hraðar en venjulegar Panodil töflur, þannig nást fyrr hin vel þekktu verkjastillandi og hitalækkandi áhrif.



Panodil Zapp (parasetamol, 500 mg). Ábendingar: Höfuðverkur, tannverkur, hiti sem fylgir kvefi, tíðaverkir, vöðva- og liðverkir, verkjastillandi við gigtarverkjum, háir hiti. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: 1-2 töflur á 4-6 klst. fresti, að hámarki 8 töflur á sólarhring. Börn 10-15 mg/kg líkamspýngdar á 4-6 klst. fresti, að hámarki 4 sinnum/sólarhring. Gæta skal varúðar ef um skerta nýrnastarfsemi og lífrarsjúkdóm er að ræða. Skal ekki notað með öðrum verkjalyfjum sem innihalda parasetamol (t.d. samsettuð lyfjum). Hæri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið hættu á mjög alvarlegum lífrarskemmdum. **Aukaverkanir:** Mjög sjaldgæfar. **Almennar:** Ofnæmisviðbrögð. Útbrot, ofsakláði, ofsabjúgur. Lífrarskemmdir. Lífrarskemmdir af völdum parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun afengis. Við langtímanotkun er ekki hægt að útiloka hættuna á nýrnaskemmdum. **Pakkning:** Filmhúðaðar töflur 500 mg, 20 stk. Lesið leiðbeiningar í fylgiseðli lyfsins. Nánari upplýsingar eru á <http://www.serlyfjaskra.is>. Panodil er skrásett vörumerki GlaxoSmithKline fyrirtækjasamstæðunnar.



Mikilvægi samfélagsmiðla má ekki vanmeta:

## Misskilningur um forsetaframboð

Samfélagssumræðan á það til að komast á flug á algjörlega rögum forsendum. Einnhver heldur einhverju fram og án þess að fólk hafi fyrir því að kanna hvort fullyrðingin sé rétt eða röng tekur það hana upp á sína arma.

Þrjú dæmi um þetta hafa komið upp í umræðum um komandi forsetakosningar. Eitt þeirra er að næsti forseti Íslands muni að lokinni setu á Bessastöðum fá eftirlaun það sem eftir er. Svona er þetta vissulega um núverandi forseta, sem fær áttatíu prósent sinna launa eftir að hann lýkur störfum, en lögnum hefur verið breytt og næsti forseti fær bara biðlaun og svo eftirlaun á sama tíma og aðrir. Þetta skiptir máli að sé á hreinu þegar helmingur núverandi frambjóðenda er undir fimmtugu og vilji stendur til að takmarka lengd setu forseta.

### SKOÐUN

**Pórunn Elísabet Bogadóttir**  
thorunn@frettabladid.is



Annað dæmi er að skoðanir forseta á Evrópusambandsaðild skipti einhverju máli. Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um málið fyrir tæpum þremur árum. Í henni segir: „að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“ Enginn flokkur vill keyra málið í gegn án þjóðaratkvæðagreiðslu þótt sumir þeirra vilji reyndar kjósa enn fyrr. Forsetinn þarf því engu hlutverki að gegna þegar aðildarsamningur er kominn á borðið.

Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram að kosningabaráttan geti þurft að kosta nálægt hundrað milljónum. Vissulega kostaði framboð Ólafs Ragnars á sínum tíma rúmar níutíu milljónir á núvirði en talsverðar breytingar hafa, sem betur fer, átt sér stað síðan það var. Framboð þurfa því alls ekki að vera svona dýr, og það sem meira er, þau mega ekki verða svo dýr. Nú eru í gildi lög þar sem kveðið er á um hámarksframlög og hámarkskostnað sem koma í veg fyrir að baráttan kosti svo mikið.

Það er algjört lágmark í kosningabaráttu sem á að vara í nokkra mánuði að svona staðreyndum sé haldið til haga frá upphafi og ekki reynt að afvegaleiða fólk. Almennur mun mjög fljótt fá nóg af kosningabaráttu sem einkennist af rangfærslum og tilraunum frambjóðenda til að leiðrétta þær. Nógu langdregin getur baráttan orðið samt.

Önnur ástæða þess að framboð til forseta þarf ekki að vera svo dýrt er almenn notkun netsins og samfélagsmiðla. Ástæða þess að framboð Þóru Arnórsdóttur hefur öðrum framboðum fremur hlotið athygli síðustu daga er ekki einhvers konar samtrygging fjölmiðlamanna eins og reynt hefur verið að halda fram, heldur sú staðreynd að hún og hennar fólk kann greinilega að gera fréttænna hluti. Stuðningssíður og upplýsingagjöf skipta máli. Vefmiðlar, og aðrir fjölmiðlar í minna mæli, nota slíkar síður í fréttáflun hvort sem okkur líkar betur eða verr. Framboð Þóru var það eina sem var með stöðuga upplýsingagjöf yfir páskahátíðina, þegar fátt annað fréttænmt átti sér stað. Þetta var sniðugt kosningabragð. Aðrir frambjóðendur þyrftu að taka sér þetta til fyrirmyndar, ekki síst þeir sem þurfa að kynna sig enn frekar en Þóra.

Frambjóðandi í nútímasamfélagi þarf að tengjast fólki á samfélagsmiðlum – þar sem flesta kjósendur er að finna.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Gildir til 30/4



**50% AFSLÁTTUR**  
Nicotinell tropical fruit

204 STK. PAKKNINGAR  
**2mg**  
2.871kr. 5-742kr.

**4mg:**  
3.999kr. 7-998kr.

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJEVER.IS

**LYFJEVER**

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Kvartarsár sálahirðir

Benedikt 16. páfi fordæmdi í páskaávarpi sínu ársir á kristna menn víða um heim. Ekki er vanþörf á, víða eru kristnir, sem aðrir, ofsóttir vegna trúar sinnar og rétt að leggja málstað þeirra lið. Annar trúarleiðtogi, Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands, hjó í sama knérinn í sínu páskaávarpi. Samkvæmt honum er í gangi hér á landi skefjalaus áróður gegn kirkju, hinum kristna sið og trúarhefðum. Að hlusta á biskup þjóðkirkjunnar, sem nýtur forréttinda á margan hátt, er þínulítið eins og ef Ashley Cole hefði farið að kvarta yfir því að fá ekki nógu oft vítaspyrnu í leiknum um helgina.



#### Ofsóttur meirihluti

Karli er líka umhugað um fermingarbömin, en hann telur þau þurfa að þola andróður og svívirðingar. Nú er það svo að af 75.365 börnum undir 18 ára aldri, sem þjuggu hér um áramótin, eru 62.414 skráð í Þjóðkirkjuna, eða um 82,8%. Ósagt skal látið hvort sama hlutfall er hjá fermingarbömin, en þetta hlýtur að vera mest ofsótti meirihluti í heimi, ef marka má orð biskupsins.



#### Sleifarlagið tilbeðið

Sérkennileg umræða hefur skotið upp kollinum varðandi forsetaframboð Þóru Arnórsdóttur, nefnilega sú að of vel sé að því staðið. Þannig starfi margir fyrir hana, vel hafi gengið að safna undirskriftum og tækimál séu í góðum málum. Það var nefnilega það. Illa er komið fyrir íslensku þjóðinni ef sleifarlagið er svo tilbeðið að það er gert grunsamlegt þegar menn standa loksins vel að hlutumum. Nær væri að fagna því sem vel er gert, líkt og virði vera raunin með framboð Þóru, hver svo sem útkoman verður.

kolbeinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Hugmynd að grænu hjarta í Reykjavík

### Skipulagsmál



**Björn B. Björnsson**  
kvikmyndagerðar-  
maður

Margir Reykvíkingar eru á móti fyrirhugaðri hótélbyggingu við sunnanvert Ingólfstorg vegna þess skada sem hún veldur á umhverfi miðborgarinnar: Við fáum minni sól á Ingólfstorg, Nasa verður rífið og risahótel kallar á aukna umferð um þennan viðkvæmasta blett borgarinnar á kostnað almennarýma og Alþingis.

Borgarstjóri sagði nýlega í Kastljósi að hann væri ekki spenntur fyrir risahótelum á þessum stað en að ekki væri kominn fram hugmynd sem leysti málið.

Hér er slík hugmynd. Hún er að Reykjavíkurborg og Alþingi taki höndum saman og kaupi Landsíma-húsið, háhýsið þar fyrir aftan og Miðbæjarmarkaðinn – og láti rífa þessi hús.

Þar með væri Austurvöllur, Fógetagarðururinn og Ingólfstorg eitt opið svæði; grænt og sólríkt hjarta Reykjavíkur. Sólar nýti miklu lengur á Austurvelli og Ingólfstorg væri ekki lengur sá kaldranalegi skuggablettur sem það nú er. Alþingishúsinu og byggingum þess væri sköpuð umgjörð sem hæfir í stað þess að fyrirhugað risahótel troði því um tær með tilheyrandi rútu- og jeppaumferð.

Nokkur eftirsjá væri að gamla Landsíma-húsinu, en það er nú þegar ekki svipur hjá sjón vegna viðbyggingar og hægt væri að reisa hús í sama útliti annars staðar (t.d. gegnt Ráðhúsinu fyrir skrifstofur þingmanna).

Sjálf sagt væri að efna til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um hönnun alls svæðisins þar sem hugsanlega mætti opna fyrir þann möguleika að þar verði nokkur lágrest hús í gömlum stíl, aðflutt eða nýbyggð.

Þessi hugmynd mundi að sönnu kosta nokkurt fé en minna en bygging Ráðhúss eða Perlu svo dæmi séu tekin. Alþingi hefur mótmælt fyrirhugaðri hótélbyggingu svo líklegt má telja að þar á bæ vilji menn leggja nokkuð á sig til að afstýra því umhverfisslysi sem ella vofir yfir og mun ekki síst bitna á ásynnd og aðkomu þinghússins.

Þekktur er sá áhugi stjórnmálamanna að reisa byggingar sem minnismarki um veru sína og völd. Þessi hugmynd gengur í öfuga átt. Hér væri verið að breyta ásynnd miðborgarinnar og notagildi því þetta stóra græna svæði væri sólríkt og skjólgott og myndi nýtast Reykvíkingum og gestum þeirra með margvíslegum hætti um aldri.



# Hagsmunaárekstrar í heilbrigðisþjónustu



**HEILSA**  
Teitur Guðmundsson  
læknir

Nýleg umræða um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja og þingsályktunartillaga þeirra Eyglóar Harðardóttur og Margrétar Tryggvadóttur, sem ætlað er að herða reglur og tryggja að fjárhagslegir hagsmunir heilbrigðisþjónustuaðila tengist ekki meðferð eða ráðgjöf sjúklunga, hefur vakið athygli. Ýmsir aðilar hafa komið fram í kjölfarið og rætt þessi samskipti og sitt sýnist hverjum. Það er hins vegar ljóst að opin-ská umræða og gagnsæi verður að vera til staðar og er lykillinn því að ná málefnalegri niðurstöðu. Til glöggvunar er óheimilt að auglýsa lyfseðilskyld lyf hérlendis eða vekja athygli á þeim með öðrum hætti en beint til

heilbrigðisstarfsmanna, þessu er svipað farið víðast hvar í Evrópu. Markaðsstarfið beinist einna helst að læknum sem eru vörsluaðilar hins dýrmæta valds að ákveða hvaða lyf skuli skrifað út hverju sinni. Þá hefur til gamans verið notuð myndlíkingin að penni lækni sé dýrasta tækni í heilbrigðisþjónustunni, en ljóst er að mikil ábyrgð fylgir slíku valdi. En í flestum tilvikum er um að ræða meðferð eða rannsóknir sem ríkið eða tryggingafélag viðkomandi greiðir að stærstum hluta. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er bent á ýmsa þætti sem hafa áhrif og vísað í rannsóknir um ávísanahegðun lækna og í því samhengi bent á tölulegar staðreyndir um kostnað lyfjafyrirtækja vegna markaðssetningar. Þá er vísað í að í Bandaríkjunum hafi verið sett lög á síðasta ári er varða upplýsingar um að greiðslur til lækna og heilbrigðisstofnana verði gerðar opinberar frá 2013. Þegar hafa nokkur fyrirtæki birt þessar upplýsingar þar í landi og eru tölurnar sláandi eða

allt frá nokkur þúsund krónum vegna máltíðar uppi margar milljónir til einstaka lækni fyrir fyrirlestur. Styrkveitingar til rannsókna, aðkeypt ráðgjafabjónusta o.m.fl. getur hlaupið á tugum milljóna. Þegar horft er til þess að fjárhagslegir hagsmunir geti haft áhrif á hegðan þá er auðvitað ljóst að þar er mjög vandratað. Þessu til staðfestingar hafa saksóknarar í Þýskalandi nýverið hrundið af stað umfangsmiklum málsóknum gegn fjölda krabbameinslækna, apóteka og lyfjafyrirtækja þar í landi vegna gruns um mútubægni í tengslum við lyfjagjöf krabbameinssjúkra. Samtökum lækna hefur verið ljóst að bregðast þurfi við og traust sjúklunga og heilbrigðis-yfirvalda er undirstaða þess að lækna hafi lækningaleyfi. Siðfræðiráð Læknafélags Íslands ályktaði árið 2005 um þessi mál auk þess sem lækna ættu að tilgreina hagsmunatengsl sín þegar þeir birta vísindagreinar og erindi sem fjalla um lækni-fræðileg málefni. Ekki hefur

verið gerð krafa um að birta tölulegar upplýsingar um þóknunir eða greiðslur opinberlega hérlendis. Í heimi vísindanna er mikilvægt að það fái nægjanlegt fjármagn til rannsókna og

er gagnkvæmt traust milli aðila, skýrar leikreglur og gagnsæi. Lækna þurfa að rísa undir því mikla trausti sem þeim er veitt og þeim fjármunum sem þeir ávísa á hverjum degi úr vasa sjúklings og ríkisins,

Til glöggvunar er óheimilt að auglýsa lyfseðilskyld lyf hérlendis eða vekja athygli á þeim með öðrum hætti en beint til heilbrigðisstarfsmanna, þessu er svipað farið víðast hvar í Evrópu. Markaðsstarfið beinist einna helst að læknum sem eru vörsluaðilar hins dýrmæta valds að ákveða hvaða lyf skuli skrifað út hverju sinni.

framþróunar, sérfræðipækking er verðmæt og fyrir hana ber að greiða en á sama tíma verður að tryggja bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu fyrir sem minnst af almanna- og tryggingafé. Grundvöllurinn fyrir því

auk þess að veita framúrskarandi heilbrigðisþjónustu sem er sniðin að þörfum þeirra sem til okkar leita. Almennt gera lækna það af stakri þryði og með fyrrgreinda hagsmuni að leiðarljósi.

## Opið bréf frá Falun Gong iðkendum



**Mannréttindi**  
Þórdís Hauksdóttir  
framhaldsskólakennari  
Peder Giertsen  
stjórnunarráðgjafi

Falun Gong iðkendar styðja af heilum hug þingsályktun Guðmundar Steingrímssonar og tíu annarra þingmanna Alþingis sem miðar að formlegri leiðréttingu á þeim óheppilegu aðgerðum sem beindust gegn Falun Gong iðkendum í tengslum við opinbera heim-sókn þáverandi leiðtoga Alþýðulýðveldisins Kína til Íslands í júní 2002. Í maí síðastliðnum bárust þær góðu fréttir að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar beðið Falun Gong iðkendar sem mættu óréttlátri meðferð á Íslandi á þessum tíma afsökunar úr ræðustól Alþingis. Falun Gong iðkendar líta á þingsályktunartillöguna sem nú liggur fyrir Alþingi sem dýrmætt tækifæri fyrir Ísland að leiðrétta enn frekar þær óréttlátu og ólöglegu aðgerðir sem Falun Gong iðkendar voru beittir hérlendis og á flugvöllum víða um heim. Meirihluti íslensku þjóðarinnar var ósáttur við þá atburði og margir reiðir og hneykslaðir á banninu. Þúsundir Íslendinga gengu um götur til stuðnings þeim rétti Falun Gong iðkenda að minna á mannréttindabrot kínverskra yfirvalda. Alþjóðasamfélagið var ekki síður slegið vegna framgöngu íslenskra stjórnvalda samanber fyrirsögn bandarísks dagblaðs, „Iceland kowtows to China“ og spurningu bandarísks þingmanns með áherslu á hvert orð „Did Iceland really do that?“. Því miður hafa ofsóknirnar á hendur Falun Gong iðkendum í Kína haldið áfram og hugar okkar er með þeim sem nú þola auknar pyntingar vegna nýrrar

margmilljarða herferðar kínverska kommúnistaflokksins á hendur Falun Gong sem lesa má um í trúnaðarskjöllum flokksins, sum þeirra aðgengileg á netinu. Ofsóknirnar á hendur Falun Gong iðkendum hafa kallað á viðbrögð alþjóðasamfélagsins og ítrekað verið fordæmdar af Sameinuðu þjóðunum, þingmönnum og ráðherrum fjölda landa, mannréttindastofnunum og fleirum. Bæði fulltrúarþing Bandaríkjanna og Öldungadeild hafa nokkrum sinnum ályktað gegn ofsóknum. Á árinu 2009 gaf argentínskur dómari út handtökuskipun á hendur Jiang Zemin (og öðrum háttsettum embættismönnum í Kína eins og Luo Gan) fyrir glæpi gegn mannkyni og þjóðarmorð á Falun Gong iðkendum í Kína, í kjölfar fjögurra ára rannsókna. Yfirlýsingar, dómur og ályktanir sem styðja mannréttindi á heimsvísu hafa gríðarlegt gildi fyrir þá sem þurfa að þola ómannúðlegar ofsóknir og pyntingar – sem og alla sem láta sig þau brot varða. Á Íslandi er löng hefð fyrir lýðræði og mannréttindum. Við trúum að það sé af hinu góða fyrir þjóðina og framtíð hennar að hvika ekki frá þeim grunnildum arfleifðar sinnar og halda á lofti virðingu fyrir réttlæti á heimsvísu. Stuðningur við þingsályktunina er afstaða í samhljómi við rödd þjóðarinnar, í samræmi við úrskurð umboðsmanns Alþingis og Persónuverndar og í anda grundvallarsíðferðisviðmiða og réttlætis. Sá stuðningur er sömu-leiðis mikilvægur öllum Falun Gong iðkendum sem hlutu illa meðferð og voru sviptir réttindum sínum af hálfu stjórnvalda á þessum tíma, einkum þeim rétti að vekja athygli á óréttlæti og mannréttindabrotum. Undirrituð, sem hafa leitað eftir samræðu við íslensk stjórnvöld á vegum Falun Gong Iceland Dialogue Committee, hvetja þingmenn Alþingis til að samþykka þingsályktunartillöguna og með því leiðrétta þau brot sem fram- voru, til góðs fyrir bæði Falun Gong iðkendar og Ísland.

Komdu og gerðu frábær kaup...

# Útsala

## 15-30%

af öllum vörum í verzluninni

- Borðstofuhúsgögn
- Hvíldarstólar
- Sófar
- Hornsófar
- Sófasett
- Svefnsofar
- Garðhúsgögn

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga kl. 11-16



# Stíflugarðar á floti – um gagnslítill og stórskaðleg gjaldeyrishöft

## Gjaldeyrishöft

Árni Páll Árnason  
þingmaður



Hert gjaldeyrishöft, meint brot Samherja á gjaldeyrishöftum löggjöfni og misheppnað gjaldeyrishöft Seðlabankans nú nýlega eru atburðir sem kalla á endurmat á þeirri umgjörð sem við höfum búið íslensku atvinnulífi með gjaldeyrishöftum. Undan því endurmati getur enginn vikist.

Gjaldeyrishöft eru hörmuleg. Það vitum við af áratuga reynslu og það sjáum við nú sífellt skýrar með hverjum degi sem líður í völdum hafta. Sá ágæti hagfræðingur Dr. Benjamín J. Eiríksson kallaði höft „stíflugarða á floti“ og það var réttnefni. Fé finnur sér farveg. Höft breyta þeim farvegi, gera hagkvæma hluti óhagkvæma og ófugt. Krónan fellur, þrátt fyrir að höft séu hert og tekið á undanskotum. Í höftum verða til spéspeglar viðskiptalífsins – þeir sem hafa hag af höftum og spila á það skakka gangverk sem höftin skapa. Menn sem hafa arð af viðskiptum sem bara eru arðbær vegna haftanna – viðskiptum á borð við

þau skuldabréfaviðskipti sem gerð voru ólögmæt með síðustu lagabreytingum.

Höft hafa annan stóran ókost: Þau skekkja alla sýn okkar á hvað er mikilvægast í efnahags- og atvinnuþróun. Skyndilega fer að skipta allra mestu máli að höftin „leki ekki“ og að þau „virki“. Þau kalla auðvitað á gjaldeyriseftirlit, sem síðan verður sífellt víðameira ef það á að eiga einhverja von um að takast ætlunarverk sitt. Það tekst hins vegar aldrei. Reynsla allra þjóða er sú að það sé óframkvæmanlegt að viðhalda höftum til lengdar nema með efnahagslegri einangrun og óbætanlegu tjóni á innviðum samfélagsins. Þess vegna eru höft aðeins nothæf sem skammtímaáætlun. Þversögnin er samt sú að þar sem þau eru sett á, standa þau yfirleitt í áratugi.

Gott og vel – höftin voru sannarlega óhjákvæmileg til að stöðva stjórnlaust fall krónunnar í árslok 2008. Og gjaldeyriseftirlit er ófjálfjanlegt meðan höft eru við lýði. Og öllum ber að fylgja lögum og virða. Hinn síðferðilegi og heimspökilegi vandi við höft er hins vegar sá að með þeim er athæfi, sem áður var fullkomlega löglegt og er samkvæmt almennri réttlætisvitund okkar síðlegt, gert ólögmæt. Athæfi sem er sjálf-sagt og eðlilegt í öllum nágrannaríkjum okkar verður skyndilega

glæpsamlegt á Íslandi einu. Og það sem meira er: EES-samningurinn kveður beinlínis á um rétt til einstaklinga og fyrirtækja til óheftra milliríkjavíðskipta með fjármagn. Höftin eru ósamrýmanleg EES-samningnum, nema sem neyðaraðgerð. Við erum því annars vegar með alþjóðlegt regluverk sem hefur lagagildi á Íslandi sem veitir rétt til að gera eitthvað og svo önnur innlend lög sem gera sama hlut glæpsamlegan.

nýta sér höftin til að skapa sér tekjur af þvætti peninga inn og út úr landinu. Gjaldeyriseftirlitið hefur unnið að því að koma upp um slík mál. Fyrir einn kerfislægum leka af þessu tagi var lokað með lagabreytingum fyrir nokkrum vikum, þegar stöðvuð var svikamylla með stutt íbúðabréf, sem nýtt höfðu verið til að koma milljörðum króna út fyrir höft. Lokað var fyrir þann möguleika að erlendir aðilar gætu keypt

vegna haftanna. Sú hættu er því raunveruleg að við missum ekki bara úr landi vöxt þessara fyrirtækja heldur líka höfuðstöðvar þeirra og skatttekjur sem þeim fylgja. Það að alþjóðleg fyrirtæki á Íslandi hafi ama af höftunum er ekki það versta. Mun verra er að engin ný alþjóðleg fyrirtæki munu ná að vaxa frá íslenskum rótum þegar litið er til framtíðar í skjóli svona hafta. Þess í stað munu nýir sprotar aðeins ná því



Þessi hörmungarsaga ætti að valda því að lausn á þeim vanda sem gjaldeyrishöftin skapa væri höfuðverkefni íslenskra stjórnvalda. Í öllum löndum ættu stjórnvald að snúast um lausn á þessum bráðavanda sem læsir landið í þriðjaheimsvíðskiptaumhverfi, eyðileggur tækifæri til verðmætasköpunar og brýtur niður heilbriggt viðskiptasiðferði.

## Sniðganga eða raunveruleg viðskipti?

Það eru margvísleg tilvik brota á gjaldeyrishöftum löggjöfni, sem upp geta komið. Augljóst er að hafa þarf virkt eftirlit með viðskiptum sem beinlínis er ætlað að koma peningum út úr landinu í bága við gjaldeyrishöftin og reyna að uppræta þau. Nýlegasta dæmið um slíka sniðgöngu eru snúningar með kaup og sölu á skuldabréfum til skamms tíma, þar sem menn

gjaldreyri til að flytja úr landi verðbætur af höfuðstól verðtryggðra skuldabréfa sem koma á gjaldþaga. Þessi lagabreyting var auðvitað óhjákvæmileg, en hana hefði mátt gera fyrr. Áfram er eðlilega fylgt með ýmiss konar hreyfingum fjár milli landa, til að reyna að tryggja að um raunveruleg viðskipti sé að ræða.

Meint brot Samherja á gjaldeyrishöftum löggjöfni virðast hins vegar nokkuð annars eðlis, ef marka má fréttir fjölmiðla. Það virðist snúast um hvernig verðlagningu fískis er hagað milli veiða og vinnslu. Verðlagning milli veiða og vinnslu er áratugagamalt þrættuepli hér í samfélaginu og þar takast á tvö sjónarmið, sem bæði byggja á sterkum rökum. Til að mæta ólíkum sjónarmiðum í því efni hefur verið heimilt að reka saman veiðar og vinnslu en líka mælt fyrir um að meta skuli upp verð við þær aðstæður, eftir tilteknum leikreglum, til að tryggja sjómönnum eðlilegan skiptahlut. Töluvert mikið rekstrarhagræði og verðmætasköpun fylgir samrekstri veiða og vinnslu og fiskvinnsla á stórum landsvæðum byggir algerlega á því að samrekstur sé mögulegur. Innri verðlagning milli veiða og vinnslu í eigu eins aðila er þannig óhjákvæmilegur fylgiskur þessa rekstrarforms í sjávarútvegi.

Það er verulegt áhyggjuefni ef hefðbundin innri verðlagning milli veiða og vinnslu er orðin glæpur vegna gjaldeyrishaftanna einna. Það þýðir í reynd að höftin eru farin að breyta í grundvallaratriðum rekstrarumhverfi venjulegra fyrirtækja í hefðbundnum rekstri og breyta þeim forsendum sem efnahagslífið hefur unnið eftir áratugum saman.

## Höftin valda ómældum skaða

Ef sú er raunin verða höftin fljótt enn meiri viðskiptahindrun en hingað til og hætt er við að þau auki enn á efnahagslega einangrun landsins. Samherji er til dæmis alþjóðlegt fyrirtæki sem stundar sjávarútveg á heimsvísu og hefur umtalsvert val um hvar þunginn í starfsemi liggur. Fyrir liggur sú afstaða forsvarsmanna Marel og Össurar að langlundað þeirra gagnvart höftunum sé á þrotum. Flest alþjóðleg fyrirtæki okkar vaxa nú um stundir erlendis, meðal annars

að vaxa kyrkingslega á bakvið við múra.

Höftin hafa margvísleg önnur neikvæð áhrif. Þau koma í veg fyrir erlenda fjárfestingu, því erlendir aðilar treysta ekki innlendu rekstrarumhverfi. Verðbólga hefur verið þrálát undanfarin misseri. Ýmislegt bendir til að það megi að einhverju leyti rekja til þess að innflutningsfyrirtæki séu að einhverju leyti farin að safna gjaldeyriseign erlendis, meðal annars með því að láta veitta afslætti ekki skila sér í innflutningsverði. Útflutningsfyrirtæki geta líka farið í kringum höftin með viðskiptum við dótturfyrirtæki erlendis. Höft skaða þannig almennt viðskiptasiðferði. Á árum áður ollu höftin því að áhersla eigna fyrirtækja var meiri á að hagnast á höftunum – eða að minnsta kosti að tapa ekki á þeim – en að rekstrarafkomu fyrirtækjanna.

Þessi hörmungarsaga ætti að valda því að lausn á þeim vanda sem gjaldeyrishöftin skapa væri höfuðverkefni íslenskra stjórnvalda. Í öllum löndum ættu stjórnvald að snúast um lausn á þessum bráðavanda sem læsir landið í þriðjaheimsvíðskiptaumhverfi, eyðileggur tækifæri til verðmætasköpunar og brýtur niður heilbriggt viðskiptasiðferði. En svo er ekki. Enn má treysta Íslendingum til að húnna þau verkefni sem mestu skipta en eyða þess í stað orku sinni í þras um titlingaskít, eins og Kiljan benti á að væri þjóðarlöstur forðum. Það er þvert á móti svo afkáralegt að enginn stjórnvaldaflokkur hefur sérstaka skýra sýn um lausn á haftavandanum sem pólitísku úrlausnarefni. Sumir benda að vísu á að vandann megi leysa í tengslum við upptöku annars gjaldmiðils – meðal annars í mínum flokki – en útfærð og trúverðug stefna í þá veru hefur ekki verið sett fram vegna þeirrar pólitísku lömunarveiki í Evrópumálum, sem leiðir af núverandi stjórnarsamstarfi. Fyrir vikið geta allir sameinast um að slá morgundeginum á frest.

Staðreyndin er samt sú að enginn sem nær máli – hvort heldur er innanlands eða utan – hefur lengur trú á að höftum verði aflétt í fyrirsjáanlegri framtíð með þeim meðölum sem tiltæk eru.

Þessi staða kallar á nýjar lausnir. Um þær fjalla ég í næstu grein.

Málþing um heilsutengda ferðapjónustu á Nýsköpunarmiðstöð Íslands:

## Ofþyngd unglunga – úrræði á Íslandi

Miðvikudaginn 11. apríl | kl.14:15 – 16:30 | Keldnaholt (austurholt)

Ofþyngd barna og unglunga er vaxandi vandamál á heimsvísu. Nýsköpunarmiðstöð Íslands efnir til málþings um stofnun meðferðapjónustu ætlaða erlendum unglungum sem eiga við ofþyngd að stríða.

### Dagskrá málþings

**Kl. 14.15 Ofþyngd unglunga - meðferð á Íslandi: Er það það raunhæf hugmynd?**  
Sigmar B. Hauksson, ráðgjafi hjá Miðlun og menningu

**Kl. 14.30 Ofþyngd barna og unglunga, hvað er til ráða?**  
Dr. Ragnar Bjarnason, prófessor og yfirlæknir á Landspítala Háskólasjúkrahúsi

**Kl. 15.00 Aðstaða fyrir líkamsrækt, íþróttir og afþreyingu fyrir unglunga á Íslandi**  
Steinþór Einarsson, sviðsstjóri hjá ÍTR

**Kl. 15.15 Fundarhlé**

**Kl. 15.30 Ofþyngd unglunga, lausnir og leiðir**  
Dr. Erlingur S. Jóhannsson, prófessor við Háskóla Íslands

**Kl. 15.55 Hugleiðingar ferðapjónustubóndans**  
Arnheiður Hjörleifsdóttir, umhverfisfræðingur á Bjartheyjarsandi

**Kl. 16.10 Spurningar og svör**

**Kl. 16.30 Ráðstefnuslit**  
Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Að málþingi loknu gefst þátttakendum kostur á að sjá fræðslumyndina „Ofþyngd og sykursýki“. Myndin er ætluð unglungum og verður aðgengileg á netinu.

**Skráning þátttöku** á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar: [www.nmi.is](http://www.nmi.is).

Allir áhugasamir eru hvattir til að mæta!



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

Keldnaholt, 112 Reykjavík | Sími: 522 9000 | Netfang: [nmi@nmi.is](mailto:nmi@nmi.is) | [www.nmi.is](http://www.nmi.is)

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlinum og villulásum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegri er að hún fái skjóta birtingu. Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagsamtökum, ráðstefnu eða átaki.

Tekið er á móti efni á netfanginu [greinar@frettabladid.is](mailto:greinar@frettabladid.is) eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





# Portúgal

## Draumastaður fjölskyldunnar

**Vinsælar dagsetningar að seljast upp!**  
Örfá sæti laus dagana 22. og 29. maí; 5., 12. og 19. júní; 3. og 10. júlí.

Beint vikulegt flug með Icelandair í allt sumar frá 8. maí\*

### Albufeira



#### Alfagar II ★★★★★ hótel

Fjögurra stjörnu hótel. Fallegar og vel útbúnar íbúðir. Í hótelgarðinum er sundlaug með renniþrátt, tennisvöllur og knattspyrnuvöllur.

**Verð frá 107.300 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn (2-11) í íbúð m/1 svefnh. í 7 nætur, 22. maí. Verð á mann m.v. 2 fulloröna í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn: 124.990 kr. og 15.000 Vildarpunktur.  
\*Verð án Vildarpunkta 117.300 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 134.990 kr. m.v. 2.

### Portimão



#### Prainha Village ★★★ raðhús

Raðhúsin eru stór, rúmgóð, vel útbúin með einkasundlaug. 10 mínútna akstur í H&M verslun. 5 veitingastaðir og matvöruverslun á svæðinu.

**Verð frá 126.990 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 3 börn (2-11) í smáhýsi m/2 svefnh. og einkalaug í 7 nætur, 22. maí. Verð á mann m.v. 2 fulloröna í smáhýsi m/2 svefnh. og einkalaug: 183.100 kr. og 15.000 Vildarpunktur.  
\*Verð án Vildarpunkta 136.990 kr. m.v. 2+3. Verð án Vildarpunkta 193.100 kr. m.v. 2.

### Albufeira



#### Albufeira Sol ★★★ Suite Hotel

Hótel á skemmtilegum stað í Albufeira, um 10 mínútna gang frá Santa Eulalia og Oura ströndunum og 5 mínútur frá „the Strip“ þar sem er að finna fjölda verslana, markað, bari, veitingastaði og næturklúbba.

**Verð frá 109.550 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn (2-11) í íbúð m/1 svefnh. í 7 nætur, 29. maí. Verð á mann m.v. 2 fulloröna í tvíþýli: 129.300 kr. og 15.000 Vildarpunktur.  
\*Verð án Vildarpunkta 119.550 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 139.300 kr. m.v. 2.

### Albufeira



#### Vila Galé Cerro ★★★★★ Alagoa

Fjögurra stjörnu hótel á besta stað á Albufeira. Herbergin eru smekkleg, rúmgóð, parketlögð og með nýtskulegum innréttingum.

**Verð frá 112.265 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 1 barn (2-11) í tvíþýli m/aukarúmi í 7 nætur með morgunverði, 22. maí. Verð á mann m.v. 2 fulloröna í tvíþýli m/morgunverði: 123.646 kr. og 15.000 Vildarpunktur.  
\*Verð án Vildarpunkta 122.265 kr. m.v. 2+1. Verð án Vildarpunkta 133.646 kr. m.v. 2.

\*Fyrsta brottför er 8. maí og næsta 22. maí, upp frá því er flögð vikulega. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókanargjald.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR  
GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið



# Ábyrgðarkver

## Fjármál

Reimar Pétursson

hæstaréttarlögmaður



Út er komin bókin Ábyrgðarkver eftir Gunnlaug Jónsson sem fjallar um „bankahrun og lærdóminn um ábyrgð“. Bókin er kærkomin viðbót við þau rit sem þegar hafa verið skrifuð um hugsanlegar orsakir efnahagshrunsins 2008.

### Óskýrar orsakir og afleiðingar

Vandinn sem höfundar standa frammi í umfjöllun um þetta er sá, að oft og tíðum er vandasamt að greina á milli orsaka og afleiðingar. Höfundar hafa því oft lýst flóknu samspili ýmissa atburða, reynt að draga línur milli þeirra og þannig talið sig hafa fundið „orsakir“ hrunsins. Eftir standa ringlaðir lesendur og eiga þann kost einan að láta álit sitt á einstaka mönnum eða atvikum ráða viðhorfi sínu, eins ófullnægjandi og það er.

### Sannfærandi skýring

Bók Gunnlaugs er fyrsta bókin um hrundið sem rís undir því, að þjóða lesendum sannfærandi skýringu á orsökum hrunsins. Gunnlaugur greinir þetta af heidarleika, einlægni og innsæi. Þá er greiningin svo einföld að Gunnlaugur þarf aldrei að fjalla um einstaka menn eða atvik. Viðhorf til þeirra trufla því lesandann aldrei.

### Ábyrgð einstaklinga og trúin á stuðning ríkisins

Gunnlaugur bendir á að ábyrgð einstaklinga á fjármálum sínum sé best fyrir komið hjá þeim sjálfum. Enginn banki geti tekið slíka ábyrgð yfir

vegna freistnivanda. Þá geti ekkert opinbert eftirlit komið að sama gagni. Þrátt fyrir það hafi fólki um langt árabil verið talin trú um að treysta megi bönkum og að ríkið muni styðja þá sem einhvers konar lánveitandi til þrautavara lendi þeir í vanda. Með þessu sé ábyrgð af meðferð fjármuna fólks færð frá almenningi og fjárfestum til ríkisins. Bankarnir fá við þessar aðstæður mikil færi til áhættutöku. Almennungur og fjárfestar sofi á verðinum og opinbert eftirlit megni aldrei að koma í veg fyrir öll áföll.

### Lærdómurinn um bankahrunið

Af þessu dregur Gunnlaugur þann lærdóm að ríkisvaldið eigi að hafa minni afskipti af meðferð manna á fjármunum sínum. Ríkisvaldið eigi að forðast að kynda undir þeirri trú að það muni bjarga bönkum sem lenda í ógöngum. Fólk eigi að taka ábyrgð. Sé þetta gert eykst vald fólksins og vald banka og stjórnmalamanna minnkar. Afleiðingin sé síðan m.a. sú, að spilling minnki því án valds geti engin spilling þrífist.

### Lærdómurinn um annað

Skrif Gunnlaugs eru síðan enn áhugaverðari fyrir það, að hann dregur ályktanir sem veita leiðsögn á ýmsum öðrum sviðum en bankamálum. Hann greinir þannig hvernig aukin ábyrgð einstaklinga getur leyst ýmis þjóðfélagsleg vandamál og jafnvel stuðlað að bótum í lífi lesandans sjálfs. Bók Gunnlaugs er því tímabært innlegg í þjóðfélagsmálum. Hún rís yfir það karp og þras sem vill trufla rökhugsun um vandamál líðandi stundar. Hún er því góður áttaviti. Það má óhikað skora á sem flesta að kynna sér hana.

# Við eigum brekku eftir

## Ríkisfjármál

Oddný G. Harðardóttir

fjármálaráðgjafi



Hvernig hefur ríkissjóður það og hvernig gengur að halda kúrs? Þetta eru spurningar sem ég fæ oft þessa dagana. Getum við ekki farið að slaka á klónni? Og svarið er: „Við eigum brekku eftir.“

Vegna þeirrar slæmu stöðu sem íslenskri þjóð var komið í eftir algert hrún bólu- og froðuhagkerfis, urðum við að klífa saman afar bratta brekku sem mörgum þótti nánast ókleif. Okkur tókst það afrek og eigum nú aðeins síðasta spólinn eftir til að ná alla leið.

Margir tekjustofnar ríkissjóðs veiktust verulega eða hurfu nær alveg í kjölfar hrunsins. Aðhalds- aðgerðir og skattkerfisbreytingar reyndust því nauðsynlegar til að forða ríkissjóði frá miklu tekjutapi. Þær breytingar eru nú að mestu yfirstaðnar og í áætlunum til næstu ára er ekki gert ráð fyrir almennum skattahækkunum. Þess í stað er gert ráð fyrir nokkuð hóflegum niðurskurði næstu tvö árin. Áætlanir gera ráð fyrir að tekjur dugi fyrir gjöldum á árinu 2013 og að ríkissjóður skili afgangi árið 2014. Það eru hagsmunir okkar allra að halda þessari áætlun.

Í stjórnmalumræðu koma reglulega fram tillögur um mikla útgjaldaaukningu eða tillögur um skattalækkunir og þar með tekjulækkun ríkissjóðs. Fæstar þessar tillagna eru studdar mótvegisaðgerðum til að forða ríkissjóði frá skuldasöfnun, því sá hluti er ekki til skyndivinsælda fallinn. Sagan sýnir okkur að fjöldi slíkra hugmynda vex mjög þegar nær dregur kosningum og nær hámarki á kosningavetri. Þá

skiptir máli að halda aga og staðfastri stefnu. Ég mun ekki falla í þá freistni að láta skammtíma-hagsmuni ráða við samningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2013, heldur vinna af festu að þeim langtímamarkmiðum sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur sett.

Við höfum þurft að reka ríkissjóð á lánun frá hrúni og því fylgir gríðarlega mikill kostnaður. Í ár greiðum við Íslendingar um 77 milljarða króna í vexti. Áframhaldandi aðhald í ríkisfjármálum er því nauðsynlegt því vaxtagjöldin eru mjög íþyngjandi og enginn veit hvernig vaxtagjöldin í heiminum mun þróast á næstu árum en það hefur að undanförunni verið í sögulegu lágmarki. Það er forgangsverkefni að gera ríkissjóð færari um að hefja niðurgreiðslu skulda sem fyrst. Það er mikilvægt fyrir velferðina í landinu þannig að vaxtagreiðslum megi breyta í velferðaruppbyggingu þegar fram líða stundir en er einnig mikilvægt fyrir stöðu sjálfstæðrar þjóðar.

Lán frá nágrannalöndum og alþjóðlegum stofnunum voru okkur nauðsynleg til að komast upp úr kreppunni en niðurgreiðsla þeirra lána sem fyrst styrkir stöðu okkar og trú annarra þjóða á að Íslendingar standi við skuldbindingar sínar og þoli utanaðkomandi áföll.

Lækkun skuldahlutfallsins næstu árin færir okkur að því markmiði að skuldir hins opinbera verði ekki meiri en 60% af vergrí landsframleiðslu. Ef sveitarfélögin fylgja svipaðri aðhalds-stefnu gæti Ísland nálgast hratt hin Norðurlöndin hvað heildarskuldir hins opinbera varðar. Það

er félagsskapur sem við viljum vera í.

Stöðvun skuldasöfnunar ríkissjóðs er hagsmunamál atvinnulífsins ekki síður en alls almennings. Ríkið hefur verið í samkeppni við atvinnulífið um fjármögnun. Hagstæðara væri að fjármagnið leitaði til atvinnulífsins frekar en til ríkissjóðs eftir ávöxtun. Uppbygging fjölbreytts atvinnulífs er lykllinn að efnahagslegu öryggi. Áhersla er í ríkari mæli á fjölbreytta framleiðslu og þjónustu enda auka margbreyttari stöðir atvinnulífsins öryggi okkar og gera samfélagið aðlaðandi og eftirsóknarvert.

Ríkisfjármál hafa margar hliðar og þær eru ekki eingöngu tölulegar. Í stjórnartíð okkar jafnaðarmanna hafa grunnstefin verið réttlæti og jöfnuður. Þess vegna hefur skattkerfinu verið breytt á þann veg að þeir sem hafa meira á milli handanna greiði hlutfallslega meira til samfélagsins en hinir tekjulægri og forgangsroðunin í óhjákvæmilegum niðurskurði verið að hlífa velferðarmálum umfram aðra mála-flokka.

Hugsjónir um réttlæti og jöfnuð er sá kraftur sem drifur okkur áfram við það verk að koma ríkisfjármálum upp úr öldudalnum og hefja niðurgreiðslu neyðarlána sem fyrst. Þannig sýnum við best að Íslendingar séu traustsins verðir, samfélagið ráði við hugsanleg áföll og að hér sé öruggt og eftirsóknarvert að fjárfesta í fjölbreyttu atvinnulífi.


Í kjölfarið skapast traustur grundvöllur fyrir gott samfélag fyrir alla.



Stöðvun skuldasöfnunar ríkissjóðs er hagsmunamál atvinnulífsins ekki síður en alls almennings.

# Lífeyrissparnaður með trausta og góða ávöxtun

Landsbankinn býður fjölbreyttar leiðir í lífeyrissparnaði og er traustur bakhjarl. Íslenski lífeyrissjóðurinn og Lífeyrisbók Landsbankans hafa skilað góðri ávöxtun undanfarin þrjú ár.





# Öskjuhlíð, fólkvangur í miðri borg

**Náttúruvernd**  
**Sigríður Sigurðardóttir**  
 nemandi í umhverfis- og auðlindafræðum við HÍ



Reykjavíkurborg sótti um hjá Eyrópusambandinu um að vera græn höfuðborg og komst í úrslit. Borgirnar sem verða fyrir valinu eru metnar út frá ýmsum hlíðum borgarlífsins þ.m.t. grænum svæðum og þurfa að huga að sjálfbærni innan borgarmarkanna með tilliti til velferðar íbúa og varðveislu menningararfsins. Velferð er hluti af sjálfbærri hugsun og því mikilvægt að Reykjavíkurborg fari varlega þegar deiliskipulag er gert með græn svæði.

Seinast var **UPPELT** - Skráðu þig strax á **dancecenter.is!**

Upplifðu DansGleðina! StórGlæsileg sýning  
14. apríl í **HÖRPUNNI** með Gev & nemendum!

**SKRÁÐU  
ÞIG NÚNA**  
dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á [dancecenter.is](http://dancecenter.is)  
og á facebookgrúbbu DanceCenter RVK.  
Einnig er hægt að senda tölvupóst á  
[dancecenter@dancecenter.is](mailto:dancecenter@dancecenter.is) eða hringja  
í síma **777 3658** hjá DanceCenter Reykjavík.

**DÖNSUM svo lengi sem lifum!**

**BREAK:** Yngri og eldri hópur  
**HIP HOP:** Yngri og eldri hópur

**SUMARnámskeiðin hefjast í beinu framhaldi í júní!**



Danslið þáttanna  
kemur sérstaklega  
á vegum:



[www.dancecenter.is](http://www.dancecenter.is)





**DEILDARMEISTARAR GRINDAVÍKUR** taka á móti Stjörnuni í Grindavík klukkan 19.15 í kvöld í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla í körfubolta. Grindavík hefur ekki spilað í níu daga eftir öruggan 2-0 sigur á Njarðvík í 8 liða úrslitunum en Stjarnan vann framlengdan oddaleik við Keflavík á fimmtudaginn. Stjarnan vann 3-0 sigur á deildarmeisturum Snæfells þegar þeir komust í fyrsta og eina skiptið í undanúrslitin í fyrra.

## ÚRSLITIN Í ENSKA

<b>Sunderland - Tottenham</b>	<b>0-0</b>					
<b>Bolton - Fulham</b>	<b>0-3</b>					
0-1 Clint Dempsey (29.), 0-2 Clint Dempsey (45.)						
0-3 Mahamadou Diarra (80.)						
<b>Chelsea - Wigan</b>	<b>2-1</b>					
1-0 Branislav Ivanovic (62.), 1-1 Mohamed Diamé (82.), 2-1 Juan Manuel Mata (90.+3)						
<b>Liverpool - Aston Villa</b>	<b>1-1</b>					
0-1 Chris Herd (10.), 1-1 Luis Suárez (82.)						
<b>Norwich - Everton</b>	<b>2-2</b>					
0-1 Nikica Jelavic (22.), 1-1 Jonathan Howson (39.), 1-2 Nikica Jelavic (61.), 2-2 Grant Holt (77.)						
<b>West Bromwich - Blackburn</b>	<b>3-0</b>					
1-0 Gareth McAuley (7.), 2-0 Marc-Antoine Fortuné (69.), 3-0 Liam Ridgeway (85.)						
<b>Stoke - Wolverhampton</b>	<b>2-1</b>					
0-1 Michael Kightly (26.), 1-1 Robert Huth (37.), 2-1 Peter Crouch (61.)						
<b>Man. United - Queens Park Rangers</b>	<b>2-0</b>					
1-0 Wayne Rooney (15.), 2-0 Paul Scholes (68.)						
<b>Arsenal - Manchester City</b>	<b>1-0</b>					
1-0 Mikel Arteta. (87.)						
<b>Everton - Sunderland</b>	<b>4-0</b>					
1-0 Magaye Gueye (52.), 2-0 Steven Pienaar (75.), 3-0 Leon Osman (76.), 4-0 Anichebe (81.)						
<b>Newcastle - Bolton</b>	<b>2-0</b>					
1-0 Hatem Ben Arfa (73.), 2-0 Papiss Cissé (83.)						
<b>Tottenham - Norwich</b>	<b>1-2</b>					
0-1 Anthony Pilkington (13.), 1-1 Jermain Defoe (33.), 1-2 Elliott Bennett (66.)						
<b>Aston Villa - Stoke</b>	<b>1-1</b>					
1-0 Andr. Weimann (32.), 1-1 Robert Huth (71.)						
<b>Fulham - Chelsea</b>	<b>1-1</b>					
0-1 Frank Lampard (45.), 1-1 Clint Dempsey (82.)						
<b>STaða EFSTU LIÐA</b>						
<b>Man. United</b>	<b>32</b>	<b>25</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>78-27</b>	<b>79</b>
Man. City	32	22	5	5	75-26	71
<b>Arsenal</b>	<b>32</b>	<b>19</b>	<b>4</b>	<b>9</b>	<b>63-41</b>	<b>61</b>
Tottenham	33	17	8	8	57-38	59
<b>Newcastle</b>	<b>33</b>	<b>17</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>50-42</b>	<b>59</b>
Chelsea	33	16	9	8	56-38	57
<b>Everton</b>	<b>33</b>	<b>13</b>	<b>8</b>	<b>12</b>	<b>38-34</b>	<b>47</b>
Liverpool	32	11	10	11	37-34	43
<b>Fulham</b>	<b>33</b>	<b>11</b>	<b>10</b>	<b>12</b>	<b>43-43</b>	<b>43</b>
Norwich	33	11	10	12	46-52	43
<b>Sunderland</b>	<b>33</b>	<b>11</b>	<b>9</b>	<b>13</b>	<b>42-41</b>	<b>42</b>
Stoke	33	11	9	13	32-45	42

# Úrslitaleikurinn sem aldrei verður

Manchester United á enska meistaratitilinn vísan eftir leiki páskahelgarinnar. United-liðið vann 2-0 sigur á QPR og er komið með átta stiga forskot eftir að Manchester City tapaði 1-0 á móti Arsenal.

**FÓTBOLTI** Þetta voru afar góðir páskar fyrir Manchester United sem sér á ný glitta í tuttugasta Englandsmeistaratitilinn eftir að liðið náði átta stiga forskoti á nágranna sína í Manchester City.

Á sama tíma og Manchester United hefur gefið í og unnið átta deildarleiki í röð hafa aðalkeppinautar þeirra aðeins unnið einn af síðustu fimm leikjum. City hefur tapað 10 stigum í þessum leikjum og farið úr því að vera með tveggja stiga forskot í það að vera átta stigum á eftir þegar sex umferðir eru eftir.

„Þeir hafa staðið sig ótrúlega vel undanfarna tvo mánuði en í fótbolta geta hlutirnir breyst fljótt. Fyrir tíu dögum vorum við einu stigi á eftir þeim en núna erum við átta stigum á eftir þeim. Hlutirnir geta líka breyst þeim í óhag. Þeir eru augljóslega með meiri reynslu en við en á meðan að það er ekki ómögulegt þá höldum við í vonina,“ sagði Roberto Mancini, stjóri Manchester City.

Sjálfsýðingarhvöt City-manna hefur kristallast kannski í látunum í kringum Mario Balotelli sem gulltryggði sig sem svarta sauðinn í enska boltanum með framkomu sinni á Emirates um helgina. Það tók Martin Atkinson dómara reyndar 88 mínútur að reka hann útaf en Balotelli hefði getað verið



**SVARTI SAUÐURINN** Mario Balotelli á varla afturkvæmt í lið Manchester City eftir framkomu sína í tapleiknum á móti Arsenal á páskadag. NORDICPHOTOS/GETTY

búinn að fá nokkur rauð spjöld fyrir þann tíma. Roberto Mancini gekk svo langt að segja að hann vonaðist til að leikmaðurinn sinn yrði dæmdur í langt bann.

Á sama tíma eru það reynsluboltar eins og Paul Scholes sem eru að stela sviðsljósinu hjá United. Scholes skoraði seinna mark United á móti QPR og United-liðið hefur nú náð í 34 af 36 stigum í þeim leikjum sem hann hefur tekið þátt í í deildinni í vetur. United fékk reyndar

vítaspyrnu og rautt spjald á fyrirliða QPR á silfurfati þegar Ashley Young var rangstæður þegar hann fiskaði víti á Shaun Derry.

„Liðsandiinn og samheldnin skín í gegn hjá okkur,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United og hrósaði Scholes. „Hann er búinn að vera frábær síðan hann kom aftur og hann hefur sýnt það að hann getur þetta ennþá. Hann á mikinn þátt í því sem við höfum gert undanfarnar vikur,“ sagði Ferguson.

### Titilbarátta Utd og City:

<b>Í lok nóvember</b>	
Manchester City	35 stig (Markat.:+31)
Manchester United	30 stig (+17)
<b>Í lok desember</b>	
Manchester City	45 (+38)
Manchester United	45 (+32)
<b>Í lok janúar</b>	
Manchester City	54 (+41)
Manchester United	54 (+35)
<b>Í lok febrúar</b>	
Manchester City	63 (+48)
Manchester United	61 (+37)
<b>Í lok mars</b>	
Manchester United	73 (+47)
Manchester City	71 (+50)
<b>Eftir páskahelgina</b>	
Manchester United	79 (+51)
Manchester City	71 (+49)

Úrslitaleikurinn um titilinn er nú að breytast í leikinn sem ekkert verður úr. Manchester-liðin eiga að mætast á heimavelli City 30. apríl næstkomandi en eftir þann leik verða aðeins tvær umferðir eftir. Með sama áframhaldi lítur út fyrir að United-menn verði orðnir meistarar áður en kemur að þessum leik sem flestir fótboltaáhugamenn sáu í hillingum sem einn af hápunktum tímabilsins.

ooj@frettabladid.is

# Sjáumst á salatbarnum!



Í 10–11 finnurðu frábært vöruúrval. Á salatbarnum í 10–11 færðu hollt og gott salat með öllu því sem þér þykir best.

# 1011

...alltaf opið!



**KARFAN Í GÆR**

Iceland Exp. karla í kórflu

Undanúrslit - Leikur 1

**KR - Þór Þorl.** **82-79 (43-41)**  
**Stíg KR:** Joshua Brown 22, Dejan Sencanski 18, Finnur Atli Magnússon 13, Martin Hermannsson 7, Jón Orrí Kristjánsson 7, Robert Lavon Ferguson 6, Emil Þór Jóhannsson 6, Skarphéðinn Freyr Ingason 2, Hreggviður Magnússon 1.  
**Stíg Þór Þorl.:** Darrin Govens 24, Grétar Ingi Erlendsson 20, Darri Hilmarsson 10, Matthew James Hairston 8, Blagoj Janev 7, Guðmundur Jónsson 6, Baldur Þór Ragnarsson 4.  
**Næsti leikur** er í Þorlákshöfn á fimmtudaginn.



**MATTHÍAS VILHJÁLMS** Byrjar vel í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Matthías Vilhjálmsson með Start: **Skoraði tvö í fyrsta leiknum**

**FÓTBOLTI** Matthías Vilhjálmsson skoraði tvö mörk fyrir Start þegar liðið gerði 4-4 jafntefli við Sarpsborg 08 á útivelli í fyrstu umferð norsku b-deildarinnar í gær en landi hans, Haraldur Björnsson, stóð í marki Sarpsborg í leiknum.

Matthías skoraði mörkin sín á 32. og 48. mínútu leiksins en seinna markið kom Start í 3-0. Sarpsborg skoraði þá þrjú mörk gegn einu næstu tíu mínútur og tryggði sér síðan stig með því að jafna metin á þriðju mínútu í uppbótartíma.

Matthías lék í framlínu Start en var tekinn út af á 76. mínútu leiksins þegar staðan var 4-3 fyrir Start. Fyrri markið kom af stuttu færi eftir fyrirgjöf en það seinna skoraði hann eftir að hafa sloppið einn gegn Harald. - óóó



**JÓN ARNÓR** Setti niður öll níu vítin sín á móti toppliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Arnór Stefánsson: **Stigahæstur á móti Barcelona**

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson var stigahæstur hjá CAI Zaragoza í tapleik á móti stórlíði Barcelona á heimavelli í spænsku úrvalsdeildinni í kórfulbolta um helgina. Barcelona er á toppi deildarinnar og vann leikinn með 19 stigum, 68-49.

Jón Arnór skoraði 13 stig á 29 mínútum en níu stiga hans komu af vítalínunni. Jón setti niður öll vítin sín en hitti aðeins úr tveimur af sjö skotum utan af velli. Charles Rhodes, nýr Bandaríkjamaður í liðinu kom næstur Jóni með 11 stig.

CAI Zaragoza er í tíunda sæti þegar sex umferðir eru eftir en liðið er einum sigri frá áttunda og síðasta sætinu inn í úrslitakeppnina. - óóó

KR-ingar eru komnir í 1-0 á móti nýliðum Þórs í undanúrslitaevnigi Iceland Express-deildar karla í kórflu: **Ótrúleg sigurkarfa hjá Joshua Brown í blálokin**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar unnu nýliða Þórs í Þorlákshöfn í DHL-höllinni með ótrúlegri þriggja stiga flautukórflu frá Joshua Brown. Leikurinn var fyrsti leikur undanúrslita Iceland-Express-deildarinnar. Leikurinn var stórkostleg skemmtun og jafnræðið með liðunum var ótrúlegt.

Liðin skiptust á að hafa forystu í leiknum þó að KR-ingar hefðu yfirleitt verið skrefi á undan. Þórsurum tókst að jafna leikinn þegar tuttugu sekúndur voru eftir af leiknum en flautukarfa Joshua Brown, tryggði KR-ingum þriggja stiga sigur, 82-79.

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, var ánægður með sigur sinnna manna en sagði að margt mætti þó ennþá laga. „Þetta var fínn sigur hjá okkur í dag. Það er þó margt sem betur má fara og við erum ekkert sérstaklega sáttir við ákvörðunartökuna hjá okkur í leiknum. Við ætlum að vinna leik tvö og einvígið,“ sagði Hrafn í leikslok.

Þórsarar börðust eins og hetjur í leiknum og fór þar fremstur í flokki Grétar Ingi Erlendsson, en hann skoraði heil tuttugu stig í leiknum og átti stórleik. Grétar

var að vonum svekktur í leikslok en var hann þó bjartsýnn um möguleika síns liðs.

„Þetta er auðvitað gríðarlega svekkjandi. Ég hélt sjálfur að við værum búnir að koma þessu í framlengingu en hann tekur þennan fáránlega þrist þarna í lokin. Við erum stoltir af okkar frammistöðu og við höfum sýnt að við getum spilað við hvaða lið sem er.“ - shf

**JOSHUA BROWN** Skoraði skuggalega sigurkórflu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



75 | ÁR Á FLUGI

**Hamburg**

**FRÁ 19.900 KR**

FÖR Á GECEJADA TONLEIKA Í HAMBORG  
 Í FÍKKAÐUM OG KOMST AÐ ÞVI AÐ  
 ÞAR ER MARGT AÐ SKOÐA RÍSAMAN  
 HÍFN, MIÐG FLÖTTUR DÝKAGARÐUR OG  
 GLEÐI HVEKFIÐ REEÐERBAHN Í ST  
 PAULI. ALVEG TIL Í AÐ HEIMSKERJA  
 ÞESSA FAILEGU BORG AFTUR.

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

**ICELANDAIR**





Það verður dregið í riðla fyrir ÓL í London 30. maí:

## Ekki með Ungverjum

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta verður í þriðja styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla fyrir handboltakeppni Ólympíuleikanna en það mun ráðast 30. maí hverjir verða mótherjar Íslands.

Það eina sem er ljóst er að íslenska landsliðið verður ekki með Ungverjum í riðli því þeir eru í þriðja styrkleikaflokki með Íslandi. Það eru reyndar ekki alltof góðar fréttir því strákunum hefur gengið vel með Ungverja og eru búnir að vinna þá með sex mörkum á síðustu tveimur stórmótum (27-21 á EM í Serbíu 2012 og 32-26 á HM í Svíþjóð 2011).

Hér fyrir neðan má sjá hvaða tólf þjóðir verða með í handboltakeppni karla á ÓL.

- óój



### Styrkleikaflokkarnir

<b>1. flokkur</b>	Frakkland Spánn	Heimsmeistari vann undanriðil 1
<b>2. flokkur</b>	Svíþjóð Króatía	vann undanriðil 2 vann undanriðil 3
<b>3. flokkur</b>	Ísland Ungverjaland	2. sæti í undanriðli 3 2. sæti í undanriðli 2
<b>4. flokkur</b>	Serbía Bretland	2. sæti í undanriðli 1 gestgjafar
<b>5. flokkur</b>	Danmörk Argentína	Evrópumeistarar Ameríkumeistarar
<b>6. flokkur</b>	Suður-Kórea Túnis	Asíumeistarar Afrikumeistarar



**KÁTUR Á EM Í SERBÍU** Vignir Svavarsson fagnar hér sigri á Ungverjum á EM í Serbíu í janúar.

FRÉTTABLAÐ/VILHELM

# Ríf vonandi ekki eitthvað fyrir þessa Ólympíuleika

Vignir Svavarsson og félagar í íslenska landsliðinu í handbolta eru komnir inn á Ólympíuleikana í London eftir sigra á Síle og Japan í Króatíu. Vignir, sem missti af tveimur síðustu Ólympíuleikum, sér nú fyrstu Ólympíuleikana í hillinum.

**HANDBOLTI** Varnartröllið Vignir Svavarsson hefur verið lengi viðloðandi íslenska karlalandsliðið en ólíkt flestum öðrum reynsluboltum liðsins þá hefur hann ekki fengið að kynna þvi ennþá að spila á Ólympíuleikum. Vignir missti af síðustu leikum vegna meiðsla en var í eldlínunni í Króatíu um páskana þegar strákarnir okkar tryggðu sér farseðilinn á ÓL í London.

### Gerðum þetta af fullum krafti

„Þetta gekk bara eins og það átti að ganga því við ætluðum að koma okkur á Ólympíuleikana og það hafðist. Við vorum vel undirbúnir og komum einbeittir í báða leikina og eins og sást þá vorum við ákveðnir í að vinna báða þessa leiki örugglega og gera þetta af fullum krafti,“ sagði Vignir þegar Fréttablaðið heyrði í kappanum í gær.

Það er ekki hægt að segja að sigrarnir á Síle og Japan hafi komið á óvart enda var íslenska landsliðið í léttasta riðlinum í forkeppninni en Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara tókst vel í að halda strákunum á jörðinni.

„Við megum ekkert við því að slaka á gegn svona liðum því það getur verið hættulegt. Við vorum meðvitaðir um það og þeir áttu kannski aldrei möguleika þegar á hólminn var komið,“ segir Vignir sem vonast eftir því að vera í fjórtán manna hópi Guðmundar Guðmundssonar í London.

„Þetta verða fyrstu Ólympíuleikar mínir svo lengi sem ég helst heill og verð í hóp og þetta er búið að vera markmiðið hjá mér lengi,“ segir Vignir sem hefur verið á brúninni í undanfarin tvö skipti.

### Meiddist 2 vikum fyrir ÓL

„Ég var í æfingahópnum fyrir Aþenu 2004 og tók þátt í öllum undirbúningnum og eftir það setti ég mér það markmið á sínum tíma að komast á næstu Ólympíuleika. Svo varð ég fyrir því óláni að rífa einhvern vöðva í maga tveimur vikum fyrir brottför til Peking og komst því miður ekki með. Nú ætla ég að vona að ég fari ekki að rífa eitthvað fyrir þessa Ólympíuleika.“

Þetta voru mín fyrstu meiðsla á ferlinum og þau gátu ekki komið á meira svekkjandi tíma,“ sagði Vignir. Það eru fjórir mánuðir í leikana og Vignir er á því að undirbúningur leikmanna eigi að hefjast strax.

„Menn eru að spila mismunandi mikið með sínum félagsliðum og ég held að menn séu meðvitaðir um það að halda sér í góðu formi. Sumir þurfa að styrkja sig og aðrir þurfa að gera hitt og þetta til þess að vera í sem bestu líkamlegu ásíggkomulagi þegar kemur að undirbúningnum fyrir leikana. Ég held að allir í liðinu séu innstilltir á það að vera í sem bestu formi þegar að því kemur,“ segir Vignir. En skipta þessir leikar aðeins meira máli fyrir þá í liðinu sem hafa ekki komist á ÓL áður?

„Ég er ekki viss um að það skipti eitthvað meira máli fyrir okkur því Ólympíuleikar eru stærsta íþróttamót sem íþróttamaður getur komist á. Ef við skoðum handboltamenn þá er stórmót á hverju ári en Ólympíuleikar bara á fjögurra ára fresti,“ segir Vignir og hann vill heldur ekkert gefa upp um hvort að þetta verði stærsta stundin á ferlinum.

„Ég get voða lítið sagt um það fyrr en að ég er kominn þangað. Mögulega gæti þetta orðið með stærri stundum sem maður hefur upplifað í sportinu,“ segir Vignir en Fréttablaðið náði á hann þegar hann var á leiðinni heim í leigubíl eftir að hafa flogið heim frá Króatíu.

### Leikur í kvöld

„Ég er að fara að taka dótið saman og er að fara á æfingu því við erum að fara að spila á morgun. Þetta er ansi stíft prógram. Það var frí í þarsíðustu viku með félagsliðinu en þá voru við byrjaðir með landsliðinu. Það er alltaf frí þegar við erum með landsliðinu,“ segir Vignir og hann og landsliðsstrákarnir eru að fórna ýmsu fyrir landsliðið.

„Fórna og ekki fórna. Það er heiður að spila með landsliðinu en það má kannski segja að við séum að fórna fríi fyrir landsliðið,“ segir Vignir að lokum. Hann og félagar í TSV Hannover-Burgdorf mæta Kára Kristjánssyni og félögum í Wetzlar í Íslendingaslag í þýsku úrvalsdeildinni í kvöld.

ooj@frettabladid.is

## Meðal efnis í blaðinu:

Viðtal við Sigurð Arnar Sigurðsson, forstjóra Húsasmíðjunnar.

Ítarleg umfjöllun um þær leiðir sem bankar bjóða frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum til að koma undir sig fótunum.

## Markaðurinn kemur út á morgun!



Allt sem þú þarft

Landsliðsþjálfarinn þekkir það manna best að taka þátt í Ólympíuleikum:

# Fimmtu leikarnir hjá Guðmundi

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar eru komnir inn á Ólympíuleikana í London eftir að þeir náðu öðru sætinu í sínum riðli í forkeppninni sem fram fór í Króatíu um páskana. Íslenska liðið tryggði sér farseðilinn með sannfærandi sigrum á Síle og Japan í tveimur fyrstu leikjum sínum. Tap í lokaleiknum á móti Króatíu skipti ekki máli því Guðmundur Guðmundsson var búinn að koma íslenska liðinu inn á þriðju Ólympíuleikana í röð.

„Ég er afskaplega ánægður og stoltur. Við erum að spila fyrir hönd þjóðarinnar og erum ánægðir að hafa náð þessum stóra áfanga,“ sagði Guðmundur við Guðjón Guðmundsson eftir að ÓL-sætið var í höfn á laugardaginn. „Það eru ekki allir sem átta sig á því hversu stór áfangi það er að koma sér inn á Ólympíuleikana. Við erum búnir að tryggja okkur núna inn á leikana í þriðja skiptið í röð og er það frábært. Á leikunum eru öll bestu lið heims og er það heiður að taka þátt í

þeim. Íslendingar verða að átta sig á því að þeir eiga frábært handboltalandslið og verðum við að styðja vel við bakið á því,“ sagði Guðmundur í þessu símaviðtali við Stöð 2 Sport eftir sigurinn á Japan.

Guðmundur þekkir það vel að taka þátt í handboltakeppni Ólympíuleikana því hann var leikmaður á leikum í Los Angeles 1984 og í Seúl 1988 og hefur síðan verið þjálfari liðsins á undanförunum tveimur leikum í Aþenu 2004 og Peking 2008. Fimm leikmenn íslenska liðsins eru væntanlega á leið á sína þriðju leika en það eru þeir Ólafur Stefánsson, Guðjón Valur Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson, Róbert Gunnarsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson. Þeir munu jafna með því met Jakobs Sigurðssonar sem var með á ÓL 1984, ÓL 1988 og ÓL 1992.

- 66j



Bubba Watson tryggði sér sigur á Mastersmóttinu í golfi um páskana eftir dramatískan sigur í bráðabana:

# Ekki enn búinn að skipta um bleyju

**GOLF** Bubba Watson tryggði sér sigur á Mastersmóttinu í golfi á páskadagskvöld. Hann vann titilinn eftir bráðabana við Suður-Afríkumanninn Louis Oosthuizen. Þeir léku báðir holurnar 72 á tíu höggum undir pari en í næstu sætum voru þeir Lee Westwood, Matt Kuchar, Peter Hanson og Phil Mickelson, allir á átta höggum undir pari. Þetta er fyrsti sigur Bubba á einu af risamótunum fjórum en hann tapaði í bráðabana á PGA meistaramóttinu árið 2010 gegn Þjóðverjanum Martin

Kaymer. Watson er örventur og það er ótrúlegt að á síðustu 10 árum hafa 5 örventir kyllingar sigráð á Mastersmóttinu.

Watson hafði fengið tvisvar tækifæri til að tryggja sér sigur á móttinu á 18. holunni, fyrst á lokaholu mótsins og svo á fyrstu holu í bráðabana. Það var aftur á móti magnað högg hans úr miðjum skógi sem lagði grunninn að sigrinum í bráðabananum. Watson fékk í kjölfarið tvö putt til að tryggja sér sigurinn.

„Ég hef aldrei átt draum sem

hefur náð svona langt. Ég veit ekki hvað gerðist á seinni níu holunum í gærkvöldi. Ég fékk skolla á tólftu braut og náði svo fjórum fuglum í röð. Það gerði það að verkum að ég náði inn í bráðabananann. Þar náði ég þessu ótrúlega höggi úr trjánum og þess vegna er ég hérna að tala við þig í þessum fallega græna jakka,“ sagði Bubba og bætti við: „Svona er mitt golf. Ég kann ekki við það að spila öruggt. Mig langar alltaf að ná ótrúlegum höggum, hvern langar það ekki? Það er ástæðan

fyrir því að ég spila golf – til þess að ná ótrúlegum höggum,“ sagði Bubba kátur.

Dramatíkin var mikil hjá Bubba Watson eftir að sigurinn var í höfn en hann missti föður sinn úr krabbameini fyrir 18 mánuðum. Heima beið hans Angie kona hans með nýfæddan son þeirra, Caleb. „Þetta var æðisleg vika en núna tekur venjulega lífið við. Ég er enn ekki búinn að skipta um bleyju á stráknum og fæ örugglega að kynnast því fljótt,“ sagði Bubba Watson í léttum tón.



BUBBA Kominn í græna jakkann. MYND/AP



LJÓNYNJURNAR FAGNA Njarðvík er einum sigri frá titlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Njarðvíkurkonur í körfunni:

## Klára Hauka í fjórða leikhluta

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík er komið í 2-0 í lokaúrslitum Iceland Express-deild kvenna og getur tryggt sér sinn fyrsta Íslandsmeistararitil frá upphafi með sigri í þriðja leiknum í Ljónagryfjunni í Njarðvík á miðvikudaginn kemur.

Njarðvíkurkonur hafa lagt grunninn að báðum sigrum með frábærum leik í fjórða leikhluta beggja leikjanna sem þær hafa unnið með 16 (29-13 í fyrsta leik) og 15 stigum (27-12 í öðrum leik).

Njarðvíkurliðið er því í plús 31 í lokaleikhlutunum og þar spila framlög bandarísku leikmannanna risastórt hlutverk. Þær Shanae Baker-Brice og Lele Hardy hafa skilað samtals 37 stigum í fjórða leikhluta leikjanna á móti aðeins 14 stigum frá þeim Jence Ann Rhoads og Tierny Jenkins.

Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir hefur spilað mikilvægt hlutverk varnarlega en hún hefur staðið sig frábærlega á móti Jence Ann Rhoads og á mikinn þátt í því að þessi frábæri bandaríski bakvörður hefur aðeins hitt úr tveimur af 14 skotum sínum í fjórða leikhluta í þessum tveimur fyrstu leikjum einvísisins.

- óóó

Sænska úrvalsdeildin:

## Alfred bætti fyrir klúðrið

**FÓTBOLTI** Alfred Finnbogason var hetja Helsingborg um helgina þegar hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri á Elfsborg en Skúli Jón Friðgeirsson var að spila sinn fyrsta leik með Elfsborg-liðinu.

Alfred kom Helsingborg í 1-0 á 15. mínútu og fékk síðan algjört dauðafæri til að bæta við öðru marki sínu skömmu síðar en klikkaði þá af mjög stuttu færi. Elfsborg náði síðan að jafna metin í 1-1 fyrir hálfleik.

„Ég sagði við liðsfélagana í hálfleik að ef ég fengi annað tækifæri þá myndi ég nýta það. Þetta var versta klikkið mitt á ferlinum. Ég skil ekki hvernig ég fór eiginlega að þessu,“ sagði Alfred Finnbogason í sjónvarpsviðtali við Canal Plus. Alfred stóð við stóru orðin því hann tryggði Helsingborg öll þrjú stigin með því að skora sigurmarkið á 77. mínútu leiksins.

- óóó



**66°**  
NORÐUR

## Ein af frægustu ævintýrakonum veraldar





# RENATA CHLUMSKA

66°NORÐUR og Félag Íslenskra Fjallalækna

bjóða þér á fyrirlestur um háfjalla göngur miðvikudaginn

11. apríl kl 20:00 í Háskólabíói



Renata Chlumska er ein af frægustu ævintýrakonum veraldar. Hún var fyrsti sænskra kvenna að ná tindri Everestfjalls og hefur lagt að baki fjölda annarra tinda. Hún afrekaði einnig að hjóla frá Nepal til Stokkhólms á 4 mánuðum og hjólaði síðan og reri á kajak yfir 48 ríki Bandaríkjanna á tæpu einu og hálfu ári. Næsta hausi verður hún fyrsta sænska konan til að ferðast út í geiminn.



Allir velkomnir ★ Aðgangur ókeypis

Nánari upplýsingar á [66north.is](http://66north.is)





> Stöð 2 kl. 20.30  
How I Met Your Mother

Sjötta þáttaröðin af gamanþáttunum *How I Met Your Mother* hefst á Stöð 2 í kvöld. Í fyrsta þættinum hittir Ted gamla kærustu (Rachel Bilson) sem býr með fram-tíðareiginkonu hans. Robin gengur illa að jafna sig eftir sambandslitin við Don og Marshall getur ekki hætt að tala um barneignir.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ FERÐAST UM TÍMANN

### Gullmoli á Gufunni á páskadag

Ég hef sagt það áður og segi það enn, aldrei hefur slagorð hitt naglann jafnrækilega á höfuðið og þegar Rás 1 eða ekki neitt hljómaði úr munni starfsmanna Gufunnar hér um árið. Sérstaklega ber vel í veiði þegar perlu úr safni útvarps eru bornar á borð fyrir hlustendur.

Slíkt henti á páskadag þegar þátturinn Páskaliljur: Ljóð og lög, var endurfluttur. Sá var fyrst á dagskrá á páskum árið 1974, en þátturinn var í umsjá þeirra Jökuls Jakobssonar og Árna Blandon. Þeir fengu síðan til liðs við sig þau Helga Skúlason, Helgu Bachmann og Megas og upp á allt var brotið með tónlist.

Þeir sem telja að niðurnjörvuð dagskrárgerð og fyrirframgefin leiðarhnoða hafi einkennt útvarpið í gamla daga ættu að hlusta á þennan þátt. Hann var svo framúrsteftu- legur að hefði hann verið frumfluttur í dag má telja víst að línurnar á Útvarpi Sögu myndu loga. Og kannski gera þær það í dag.

Af öðrum ólöstuðum skal Jökull Jakobsson hér tándur til. Mér er til efs að betri útvarpsmenn hafi alið hér manninn. Nafn hans er ætíð gæðastimpill og sem betur fer hefur fjöldi þátta hans verið endurfluttur. Nú er bara að skella sér á vefinn og hlusta.



## RÚV

- 12.00 Hvaleyar (9:12) (10:12) (Hvaler) (e)
- 13.45 Doktor Ása (2:8) (Dr. Ása II) (e)
- 14.15 Hvunnadagshetjur (2:6) (We Can Be Heroes) (e)
- 14.45 Hvít lygi (Little White Lie) Atvinnulaus leikari verður skotinn í stúlkun og skrókrar því að henni að hann sé geðlæknir.
- 16.00 Sannleikurinn um loftslagsbreytingar (Panorama: The Truth about Climate Change) (e)
- 16.30 Landinn (e)
- 17.00 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.40 Barnatímminn
- 18.25 Tákn málsfréttir
- 18.35 Nýgræðingar (Scrubs)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Skólahreysti
- 20.45 Fjórmenningar (2:6) (The Inbetweeners)
- 21.10 Djöflaeyjan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Dulnefni: Hunter (5:6) (Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.)
- 23.20 Vera (Vera) Sakamálamynd um Veru Stanhope rannsóknarlögreglumann.
- 00.50 Kastljós (e)
- 01.15 Fréttir
- 01.25 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 08.15 Kingpin
- 10.05 Full of It
- 12.00 Ultimate Avengers
- 14.00 Kingpin
- 16.00 Full of It
- 18.00 Ultimate Avengers
- 20.00 Angels & Demons
- 22.15 Android Apocalypse
- 00.00 Notorious
- 02.05 Sione's Wedding
- 04.00 Android Apocalypse
- 06.00 Quantum of Solace

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (126:175)
- 10.15 Wonder Years (18:23)
- 10.45 The Middle (8:24)
- 11.15 Matarást með Rikku (8:10)
- 11.45 Hank (4:10)
- 12.10 Two and a Half Men (11:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (16:24)
- 13.25 So You Think You Can Dance
- 14.50 Sjáðu
- 15.20 iCarly (17:25)
- 15.45 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (14:21)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm In the Middle (10:22)
- 19.40 Better With You (6:22)
- 20.05 Two and a Half Men (7:24)
- 20.30 How I Met Your Mother (1:24)
- 20.55 White Collar (6:16)
- 21.40 Burn Notice (13:20)
- 22.25 The Daily Show: Global Edition
- 22.50 Flight of the Conchords (1:10) Jemaine Clement og Bret McKenzie snúa aftur í annarri þáttaröðinni um landvinninga áströlsku sveitarinnar í Bandaríkjunum.
- 23.15 New Girl (8:24)
- 23.40 Mildred Pierce (5:5)
- 01.00 Home of the Brave
- 02.45 Festival Express
- 04.10 The Middle (8:24)
- 04.35 How I Met Your Mother (1:24)
- 05.00 Two and a Half Men (7:24)
- 05.20 The Simpsons (14:21)
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 16.20 Evrópu eildarmörkin Öll mörkin og bestu tilþrífir í síðustu leikjum í Evrópu eildinni.
- 17.10 Þýski handboltinn: Hamburg - RN Löwen
- 18.50 Spænski boltinn: Barcelona - Getafe
- 21.00 Fréttarþáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
- 21.30 Þýski handboltinn: Hamburg - RN Löwen
- 22.55 Spænski boltinn: Barcelona - Getafe

## SPORT 2

- 07.00 Fulham - Chelsea
- 13.20 Newcastle - Bolton
- 15.10 Aston Villa - Stoke
- 17.00 Everton - Sunderland
- 18.50 Blackburn - Liverpool BEINT
- 21.00 Tottenham - Norwich
- 22.50 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrífir.
- 23.20 Blackburn - Liverpool

## EXTRA

- 19.30 The Doctors (88:175)
- 20.15 Monk (4:16)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Smash (6:15)
- 22.35 Game of Thrones (2:10)
- 23.30 Malcolm In the Middle (10:22)
- 23.55 Better With You (6:22)
- 00.20 Monk (4:16)
- 01.05 The Doctors (88:175)
- 01.45 Íslenski listinn
- 02.10 Sjáðu
- 02.35 Fréttir Stöðvar 2
- 03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 15.45 90210 (12:22) (e)
- 16.35 Dynasty (16:22)
- 17.20 Dr. Phil
- 18.05 Got to Dance (6:15) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos (5:48) (e)
- 19.20 Rules of Engagement (3:26) (e) Gamanþáttaröð um skrautlegan vinnuhóp.
- 19.45 Will & Grace (11:24) (e)
- 20.10 Necessary Roughness (1:12) Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle sem á erfitt með að láta enda ná saman í kjölfar skilnaðar. Hún tekur því upp á að gerast sálfræðingur fyrir ruðningslið með afbrigðisgóðum árangri. Vinsældir hennar aukast jafnt og þétt og áður en hún veit af eiga hörkuleg meðferðarúræði hennar upp á pallborðið hjá stærstu íþróttastjörnum landsins. Í þessum fyrsta þætti hefur Dani Santino störf shjá ruðningsliðinu og reynir að halda jafnvægi á milli vinnunnar og fjölskyldunnar.
- 21.10 The Good Wife (11:22)
- 22.00 Prime Suspect (12:13) Jane rannsakar dularfulla skotárás á meðan kráftar lögreglunnar fara í að komast til botns í nauðgun og morði á ungrri konu.
- 22.50 Jimmy Kimmel
- 23.35 CSI (14:22) (e)
- 00.25 The Good Wife (11:22) (e)
- 01.15 Necessary Roughness (1:12) (e)
- 02.05 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.10 Shell Houston Open 2012 (4:4) 11.10 Golfing World 12.00 Golfing World 12.50 LPGA Highlights (6:20) 14.10 The Honda Classic 2012 (3:4) 18.00 Golfing World 18.50 The Honda Classic 2012 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 The Open Championship Official Film 2010 23.45 ESPN America

## N4

- 18.00 Að norðan 18.30 Tveir gestir 21.00 Bæjarstjórnarfundur

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregni 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Tangósör og fótaflækjur 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Fyrr og nú 14.00 Fréttir 14.03 Sker 15.00 Fréttir 15.03 Útlarpssagan: Dagbók frá Diafani 15.25 Málstofan 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Í heyranda hljóði 21.20 Trío 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldins 22.15 Á bakvið grimuna 23.05 Matur er fyrir öllu 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlarp Rásar 1

## BBC entertainment

- 09.35 Deal or No Deal 10.10 EastEnders 10.40 Come Dine With Me 11.30 My Family 12.55 Keeping Up Appearances 14.25 QI 15.25 Top Gear 16.35 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 17.20 Come Dine With Me 18.10 QI 19.10 Lee Evans Live Different Planet Tour 20.00 The Graham Norton Show 20.45 My Family 21.45 Live at the Apollo 22.35 Keeping Up Appearances 00.05 Lee Evans Live Different Planet Tour 00.55 The Graham Norton Show 01.35 My Family 02.40 Live at the Apollo

## DR 1

- 10.10 DR1 Dokumentaren 11.30 Restaurant bag tremmer 12.00 Blod, sved og ris 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Lægeme 14.00 Kasper & Lise 14.10 Timmy-tid 14.20 Masha og bjørnen 14.30 Lille Nord 15.00 Pacific Paradise Police 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Annemad 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 Bonderøven 18.30 Blod, sved og ris 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Irene Huss. Eldsdansen 21.30 En chance til 22.00 OBS 22.05 Lægeme

## NRK 1

- 12.05 Valdres Teens 12.35 Norge rundt 13.00 NRK nyheter 13.10 Jessica Fletcher 14.00 NRK nyheter 14.10 Herskapelig redningsaksjon 15.00 NRK nyheter 15.10 Ut i naturen 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Tegspråknytt 16.00 Førelid 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Ut i naturen 18.15 Min idrett 18.45 Extratrekning 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Nasjonens skygge 20.15 Hvem tror du at du er? 21.00 Kveldestrytt 21.15 Winter 22.15 Brille 22.45 Ei rituell verd 23.35 Kalde spor

## svt1

- 11.30 Robins 12.00 Höglackat 12.30 Elvira Madigan 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.30 Whitney Houston - one moment in time 15.00 Attending Örebro 15.30 Sverige idag 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Så levde de lykkelige 19.00 Född 2010 20.00 Hübinette 20.30 Döx 22.15 Rapport 22.20 Kulturyheterna 22.25 Mannen som visste för lite 23.55 Rapport 00.00 30 grader i februari

## INN

- 20.00 Hrafnaþing 21.00 Græðingur 21.30 Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- |                  |                     |               |                      |                 |                         |                       |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið    | FM 99,4 Útlarp Saga     | FM 102,9 Lindin       |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 91,9 Kaninn      | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útlarp Latibær | FM 105,5 Útlarp Boðun |

## Fylgstu með í símanum

Fjölbreytt úrval hágæða IP myndavéla með frábærum myndgæðum. Þú getur sótt myndir beint í símann eða spjaldtölvuna.

Hringdu núna í 570 2400 eða kynntu þér málið á [oryggi.is](http://oryggi.is).

ÖRYGGI  VELFERÐ

Sími 570 2400 · [oryggi.is](http://oryggi.is)  
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

 ÖRYGGIS  
MÓSTÖÐIN





# KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!



**1280**

kr. tvennan

Grillaður kjúklingur og Pepsi eða Pepsi Max, 2 l



**1978**

kr. kg

ÍM ferskar kjúklingabringur

## ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ!



**449**

kr. pk.

Weetos morgunkorn, 375 g



**439**

kr. pk.

Kellogg's Corn Flakes, 500 g



**239**

kr. stk.

Flóridana appelsínusafi með aldinkjöti, 1 l

1 lítri




Ávaxta-  
markaður  
Krónunnar

Veldu einhverja tíu ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar, settu þá í poka eins og þennan og borgaðu aðeins 390 kr.

Gættu þess að láta ávaxtafjöldann standa á heilum tug. Stykkjaverð er 49 kr. ef ekki er verslað á heilum tug.

AÐEINS  
**39** kr.  
STYKKIÐ







„Ég reyni að fá mér hafragraut áður en ég fer í vinnuna, annars er það morgunmatur meistaranna: kaffi og sígó og svo jóguurt eftir það.“

Aron Bergmann barón af Reykjanesinu, myndlistarmaður og leikmyndahönnuður.

# Tíkin Ísey í stóru hlutverki hjá Steinda

„Við erum hungraðir, langt frá því að vera saddir,“ segir grínistinn Steinþór Hrór Steinþórsson, alltaf kallaður Steindi.

Tökur á þriðju þáttaröð Steindans okkar hófust á dögunum. Tíkin Ísey hefur staðið í ströngu með Steinda og félögum undanfarna daga og bregður reglulega fyrir í þáttunum, sem verða sýndir á Stöð 2 í haust. „Hún leikur hjálpsama hundinn Múbba og er einn af mörgum föstum liðum í þáttunum. Ég vil ekki gefa of mikið upp,“ segir Steindi leyndardómsfullur. Hann bætir þó við að hann sé að brjóta ákveðna reglu með því að innleiða hundinn. „Það er óskrifuð regla í gríni að skrifa ekki dýr, gamalt fólk og krakka í

handritið. Það er hræðilegt að leikstýra þeim. En við hunsum þá reglu ítrekað. Við erum á þriðja degi og höfum tekið upp með hundi og gömlu fólki.“

Steindi og félagar eyddu tæplega hálfu ári í að skrifa þættina og tónlist verður eins og áður í stóru hlutverki að sögn Steinda. „Við þurftum að semja rosalega mikið af tónlist,“ segir hann. „Við gerum átta tónlistarmyndbönd, eins og alltaf, og eitt lítið tónlistarmyndband fyrir hvern þátt, þannig að þetta verða sextán lög.“

Þannig að þið eruð orðnir meiri tónlistarmenn en grínistar?

„Nei, við verðum það aldrei. Eða ég verð það aldrei, kannski Bent. Ég veit það ekki.“



TÖKUR HAFNAR Steindi rekur rembingsskoss á tíkina Ísey, sem leikur hjálpsama hundinn Múbba. Á myndinni eru einnig Diddi Fel, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Arró og Ágúst Bent.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TENGDÓ**

**SÖNN SAGA**

EINA LITADA BARNIÐ Í HÖFNUM

Samstarfsverkefni Borgarleikhússins og CommonNonsense  
Styrkt af Menntamálaráðuneytinu

CommonNonsense Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is



## LAG Í THE HUNGER GAMES

Ólafur Arnalds á lag í hinni vinsælu kvikmynd The Hunger Games sem er gerð eftir samnefndri bók.

ÓLAFUR ARNALDS: PETTA ER GOTT TÆKIFÆRI FYRIR MIG

# LAGIÐ ALLT VARÐ HLJÓTT HLJÓMAR Í HUNGER GAMES

„Það er ekkert leiðinlegt að eiga tónlistina í mynd sem átti þriðju stærstu opnunina í Bandaríkjunum,“ segir tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds, spurður út í lagið sitt Allt varð hljótt.

Það hljómar í kvikmyndinni The Hunger Games sem hefur farið sigurför um heiminn. Aðeins myndirnar Harry Potter and the Deathly Hallows – Part 2 og The Dark Knight hafa náð í meiri pening á frumsýningarhelgi sinni vestanhafs.

Ólafur, sem hefur nýlengi fjögurra vikna tónleikaferð um Evrópu, kíkta í bíó til að sjá The Hunger Games þegar hann var í Sviss. „Ég var mjög sáttur. Þau fóru vel með lagið og gerðu þetta rosa flott,“ segir hann. „Myndin kom mér á óvart og það var fullt

af lítt þekktri „seventís“ tónlist í henni.“

Lagið, sem er tekið af plötunni Found Songs, hljómar í ofskynjunaratriði í myndinni þar sem nánast ekkert er talað og fá tónar Ólafs því algjörlega að njóta sín í nánast eina mínútu. „Ég fékk smá sjökk. Lagið kom bara allt í einu því ég vissi ekkert hvar það myndi heyrast. Þau breyttu lagiinu aðeins og ég var svo mikið að hlusta að ég tók ekkert eftir því hvað gerðist í senunni.“

Framleiðendur The Hunger Games höfðu samband við Ólaf á síðustu stundu því sá sem var ráðinn til að semja tónlistina átti í vandræðum með lag fyrir þetta ákveðna atriði. „Ég hafði verið í sambandi við þau áður því ég var í vandræðum um að semja tónlistina

við myndina. Þær gengu ekki upp og þau fengu þennan í staðinn.“

Aðspurður segist Ólafur hafa fengið „allt í lagi“ borgað fyrir lagið. „Ég er ekkert að fara að kaupa mér neinar villur fyrir þetta en þetta kemur sér rosalega vel, sérstaklega fyrst myndinni er að ganga svona vel því þá fæ ég einhver stegjöld. En þetta er aðallega gott tækifæri fyrir mig.“

Ólafur hefur áður unnið við Hollywood-mynd því hann samdi alla tónlistina við Another Happy Day með Demi Moore í aðalhlutverki. Spurður hvort hann verði ekki með í væntanlegum framhaldsmyndum The Hunger Games segist hann vona það. „Ég er búinn að biðja umboðsmanninn minn um að ýta á það.“

freyr@frettabladid.is

# Myndaði Eiffel-turninn í polli

Grafíski hönnuðurinn og áhugljósmyndarinn Oscar Bjarnason á ljósmynd í bókinni 200 Best Ad Photographers sem hið virta þýska tímarit Lürzer's Archive gefur út á tveggja ára fresti.

„Það kom mér mest á óvart að fá boð um að vera með í bókinni,“ segir Oscar. „Fyrst ætlaði ég að sleppa því en svo ákvað ég að prófa og sjá hvað myndi gerast.“

Hann sér ekki eftir því enda komust tvær myndir eftir Oscar í gegn hjá dómnefndinni af rúmlega tíu þúsund sem voru sendar inn af 860 ljósmyndurum frá 56 löndum. Oscar ákvað að taka aðra þeirra út þar sem honum fannst hún ekki nógu lýsandi fyrir sig. Hin myndin, sem var tekin af Eiffel-turninum í París fyrir tveimur árum, er í bókinni ásamt um 500 öðrum myndum. „Við vorum að labba þarna, ég og unustan, niður götuna og ég sá finan poll þarna og smellti,“ segir hann um myndina.

Oscar er einnig frímerkjahönnuður hjá Íslandspósti. Fyrirtækið vantaði myndir fyrir ferðamannafrímerki og voru myndir sem Oscar tók í Landmannalaugum notaðar á þau. Aðspurður segir hann ljósmyndun vera fína tilbreytingu frá starfi sínu sem grafískur hönnuður en á þeim vettvangi hefur hann unnið til ýmissa verðlauna. „Þetta er áhugamál sem byrjaði fyrir einhverjum þremur árum síðan og er alveg stórskemmtilegt. Maður kemst út úr húsi og það er ekki bara setið og horft á skjáinn allan daginn.“

Fleiri myndir eftir Oscar má finna á slóðinni Oscarbjarna.photoshelter.com/oscarbjarna.



Í VIRTRI BÓK Ljósmynd af Eiffel-turninum eftir Oscar Bjarnason prýðir nýja ljósmyndabók.

-fb






# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

Sími 58-12345  
[www.dominos.is](http://www.dominos.is)

# 1.000 KR.

Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.



Kynntu þér nýjan og spennandi matseðil okkar. Skemmtilegar nýjungar, þrjár mismunandi gerðir af ljúffengum botnum og ennþá betra álegg og meðlæti. Kíktu á úrvalið!

**PANTAÐU  
Á NETINU Í  
RÓ OG NÆÐI!**





### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Vel heppnuð hátíð


Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður fór að venju fram um páskana og þótti afar vel lukkuð. Einhverjir áttu þó erfitt með að komast aftur til Reykjavíkur að hátíðinni lokinni sökum veðurs. Fjöldi tónlistarmanna og hljómsveita kom fram á hátíðinni í ár og var **Krummi Björgvinsson** á meðal þeirra. Krummi kom fram með hljómsveit sinni Legend og átti frábæra tónleika þrátt fyrir handleggsbrot. Á fésbókarsíðu sinni sagði tónlistarmaðurinn að hann hefði handleggsbrotnað í kjölfarið á rötaraslysi. Söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir varð fyrir því óhappi að týna farsíma sínum á heimavist Menntaskólans á



Ísafirði og auglýsti eftir honum á fésbókinni.

#### Vinsæl hönnun

Hönnun tískumerkisins Oswald Helgason hefur vakið töluverða athygli undanfarið ár og á meðal aðdáenda merkisins er blogggarinn heimsþekkti Susie Bubble. Á stuttum tíma hefur hún í tvígang verið mynduð í fatnaði frá Oswald Helgason, en **Ingvar Helgason** er annar hluti hönnunartvíeykisins. Vefsíðan Streetpeeper.com myndaði Susie Bubble í fallegum jakka frá merkinu.



- sm

#### Mest lesið **VÍSIR**

1. Er hugsanlega faðir 600 barna
2. Of feitar konur virðast líklegri til að eignast einhverf börn
3. Tveir gistu fangageymslur á Akureyri
4. Norðmenn grunaðir um ólöglegar veiðar við Ísland
5. Allt snævi þakið á Ísafirði

### NÝ KILJA EFTIR JAMES PATTERSON



Dramatísk átök og óbærileg spennu

www.forlagid.is

## Sofðu vel - heilsunnar vegna



Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur\*



Framtíðin í stillanlegum rúmunum. Sjón er sögu ríkari

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmunum



### MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



#### BOAS

Lýftustóll  
Verð **149.900**  
Til í ljósu og dökku leðri

### VORTILBOÐ

Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

#### TAKMARKAÐ MAGN

- Ternabox hjónarúm með heilsudýnu  
2x80x200 tilboð kr. **239.900**
- 2x90x200 tilboð kr. **249.900**
- 2x100x200 tilboð kr. **269.900**



Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu. Verð frá kr. **339.900** á hjónarúmi.




### BOARD S-CAPE WALLHUGGER

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum. Verð frá kr. **479.900** á hjónarúmi með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði. **S-Cape** er einnig með þráðlausu fjarstýringu og nuddi.

### IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Prýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðunum



#### BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**  
Hægindastóll **79.900**  
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

\*3,5% lántökugjald



www.svefn.is



Lifthúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00